



Kennsla fornbókmennta í 8.-10. bekk

Fornbókmenntakennsla í Fjarðabyggð

Eysteinn Þór Kristinsson

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Kennsla fornbókmennta í 8.-10. bekk
Fornbókmenntakennsla í Fjarðabyggð

Eysteinn Þór Kristinsson

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í grunnskólakennarafræði

Leiðsögukennari: Sigurður Konráðsson

Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2011

Kennsla fornbókmennta í 8.-10. bekk.

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs við kennaradeild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2011 Eysteinn Þór Kristinsson

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Bóksala kennaranema

Reykjavík, Ísland, 2011

Formáli

Ritgerð þessi er rannsóknarverkefni til fullnaðar bakkalárprófi í grunnskólafræðum, á sviði íslensku, við Háskóla Íslands. Vægi ritgerðarinnar er 10 einingar. Ritgerðin fjallar um kennslu í fornbókmenntum í 8.-10. bekk í grunnskólum Fjarðabyggðar. Gagnaöflun fór fram í byrjun árs 2011 en segja má að hugmyndin hafi byrjað að mótask í höfði mér á haustmánuðum 2010. Þá sat ég afar áhugavert námskeið um miðaldabókmenntir og miðaldamál við Háskóla Íslands, þar sem leiðbeinandi minn að þessari ritgerð, Sigurður Konráðsson prófessor í íslenskri málfræði, og fleiri miðluðu visku sinni um þetta viðfangsefni. Ég hef starfað við íslenskukennslu í efstu bekkjum grunnskólans árum saman og hef ég alla tíð haft mjög gaman af að fást við Íslendingasögur í þeirri kennslu. Fyrirnefnt námskeið víkkaði þó sjóndeildarhring minn til muna og gerði það að verkum að mig langaði að kynna mér kennslu fornbókmennta enn frekar, hvernig henni væri háttað og hvernig kennurum líkaði viðfangsefnið.

Sigurði Konráðssyni leiðbeinanda mínum vil ég þakka kærlega fyrir aðstoðina, Ragnari Inga Aðalsteinssyni þakka ég fyrir lánið á meistaraþrófsverkefni hans, *Að kenna fornsögu í upphafi nýrrar aldar*.

Eiginkonu minni, Lilju Guðnýju Jóhannesdóttur, þakka ég fyrir að standa sem klettur með mér og vera tilbúin til að ræða viðfangsefnið við mig í tíma og ótíma og loks fyrir aðstoð við yfirllestur og gagnlegar ábendingar.

Norðfirði, í apríl 2011

Eysteinn Þór Kristinsson

Ágrip

Tilgangur þessarar rannsóknar var að skoða stöðu fornbókmenntakennslu í Fjarðabyggð. Í því samhengi var skoðað vægi fornbókmennta samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla, menntun kennara á þessu sviði, framboð fornbókmennta fyrir grunnskólann og hvernig heppilegt væri að haga kennslu slíks námsefnis.

Í Fjarðabyggð eru fimm grunnskólar og íslenskukennarar á unglingastigi eru tíu. Leitað var til allra kennaranna við gerð rannsóknarinnar, svör bárust frá átta en úr öllum skólunum fimm.

Niðurstöður sýna að vel er staðið að kennslu fornbókmennta við grunnskólana í Fjarðabyggð miðað við kröfur aðalnámskrár. Fornbókmenntir eru lesnar í öllum bekkjum á unglingastigi og kennararnir er áhugasamir um fornbókmenntakennslu.

Lífshættir unglingsnemenda nú á 21. öldinni eru um margt ólíkir lífsháttum jafnaldra þeirra á síðustu öld, en sú hræðsla manna að fornbókmenntirnar eigi erfiða lífdaga framundan með nýrri kynslóð virðist þó ástæðulaus.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Ágrip.....	4
Efnisyfirlit	5
Myndaskrá.....	8
1 Inngangskafli.....	9
2 Fræðilegur kafli.....	11
2.1 Aðalnámskrá grunnskóla og fornbókmenntir	11
2.2 Kennsla fornbókmennta.....	12
2.3 Fornbókmenntir og kennaranám.....	15
2.4 Framboð fornbókmennta fyrir grunnskóla	17
3 Rannsóknaraðferð	20
3.1 Þátttakendur	20
3.2 Rannsóknarsnið og mælitæki.....	20
3.3 Framkvæmd og svörun	20
3.4 Úrvinnsla	21
3.5 Takmarkanir rannsóknarinnar.....	21
4 Niðurstöður	22
4.1 Bakgrunnur þátttakenda í kennslu	22
4.2 Afstaða þátttakenda til eigin færni og menntunar	24
4.2.1 Mat þátttakenda á eigin færni	24
4.2.2 Mat þátttakenda á hagnýti náms síns	24
4.2.3 Samantekt	26
4.3 Fornbókmenntir í 8.-10. bekk	26
4.3.1 Fornbókmenntir í 8. bekk	27
4.3.2 Fornbókmenntir í 9. bekk	27
4.3.3 Fornbókmenntir í 10. bekk	28

4.3.4	Samantekt	29
4.4	Hvaða fornbókmenntir og hvers vegna?.....	29
4.4.1	Hvað ræður vali fornbókmennta?.....	29
4.4.2	Einhverjar fornbókmenntir frekar en aðrar?.....	29
4.4.3	Samantekt	30
4.5	Námsefni, úrval og aðgengi.....	30
4.5.1	Mat þátttakenda á úrvali fornbókmennta.....	30
4.5.2	Áhrif aðgengis á val námsefnis	31
4.5.3	Hvernig útgáfur henta?	32
4.5.4	Stuðningsefni eða ekki?.....	32
4.5.5	Samantekt	33
4.6	Afstaða til kennslu fornbókmennta.....	33
4.6.1	Hvaða afstöðu taka þátttakendur til kennslunnar?.....	33
4.6.2	Hafa nemendur ávinning af lestri fornbókmennta?	34
4.6.3	Hvaða fornbókmenntir henta?	34
4.6.4	Samantekt	35
4.7	Kennslutilhögun.....	35
4.7.1	Hvernig haga þátttakendur helst kennslunni?.....	35
4.7.2	Hvernig er heppilegast að vekja áhuga nemenda?.....	36
4.7.3	Vilja nemendur einar fornbókmenntir frekar en aðrar?.....	36
4.7.4	Eru fornbókmenntir áhugavert námsefni?	37
4.7.5	Samantekt	38
5	Umræða.....	39
5.1	Kennsla fornbókmennta.....	39
5.2	Aðalnámsskrá og raunveruleikinn	40
5.3	Menntun kennara	41
5.4	Framboð fornbókmennta	41
5.5	Rannsóknarspurningum svarað.....	42
6	Lokaorð	44
	Heimildaskrá	45

Fylgiskjöl.....	47
Fylgiskjal 1. Bréf til skólastjóra	47
Fylgiskjal 2. Bréf til kennara	49
Fylgiskjal 3. Spurningalisti sem kennarar svöruðu	51
Fylgiskjal 4. Staðfesting á tilkynningu til persónuverndar	56

Myndaskrá

Mynd 1: Kennslureynsla þátttakenda	22
Mynd 2: Kennslureynsla í íslenskukennslu á unglingastigi	23
Mynd 3: Kennslureynsla í kennslu fornbókmennta.....	23
Mynd 4: Fornbókmenntir í 8. bekk.....	27
Mynd 5: Fornbókmenntir í 9. bekk.....	28
Mynd 6: Fornbókmenntir í 10. bekk.....	28

1 Inngangskafli

Menningin sem var, tengist þeirri menningu sem er og er jafnframt næring komandi menningar, segir Guðmundur B. Kristmundsson í grein sinni *Börnin og menningararfurinn* (1995, bls. 39). Hann bendir einnig á mikilvægi þess að einstaklingar geri sér grein fyrir því að þeir séu hluti af menningu þjóðar sinnar og eigi sinn þátt í að skapa hana. Án slíks skilnings eigi einstaklingar í erfiðleikum með að glíma við það sem framundan er, með að finna sér stað í nútímanum. Örnólfur Thorsson (1998, bls. 214) orðar þessa sömu hugsun sem svo: „*til þess að fóta okkur á framtíðarsvellinu þurfum við að setja á okkur skinnsokkana, fótabúnaðurinn á tölvuöld sé úr handritunum og annarri klassík.*“ Af orðum þeirra Guðmundar og Örnólfs má skilja það sem svo að fornþókmenntir eigi erindi til okkar í dag, að þessi hornsteinn íslenskrar menningar sé mikilvægur, ekki síður við upphaf 21. aldar en á öðrum tímum.

En hverjar ætli séu tilfinningar Íslendinga til fornritanna? „*Ég hygg að enginn geti á móti því mælt að okkur þyki vænt um fornritin,*“ segir Guðmundur B. Kristmundsson í áður nefndri grein (1995, bls. 39-40). Hann bendir þó á að menn hafi áhyggjur af því að sá hlekkur sem fornritin eru við fortíðina kunni að breyta á komandi árum. En hverju skipta fornritin, hvers vegna má hlekkurinn ekki breyta? Guðmundur segir að því hafi verið haldið fram að stærstu sigrar okkar Íslendinga hafi meðal annars unnist vegna menningararfs okkar, einkum fornritanna. Hann segir fornritin koma víðar við í íslensku máli og þjóðlífi en ætla mætti við fyrstu sýn, orðfæri sagnanna sé okkur enn að ýmsu leyti tamt og andi þeirra komi stundum fram í viðhorfum okkar og skapi. Ýmislegt í máli okkar megi rekja til sagnanna, s.s. hluta orðaforðans, málshætti og orðtök, gerð setninga og málsgreina og ýmislegt annað sem einkennir stíl og byggingu. Segir Guðmundur þetta vera vitnisburð um að hið mikilvæga samband okkar við fornritin megi ekki rofna. Tengsl ritanna og þjóðar eru mikilvæg, eða eins og Örnólfur Thorsson segir (1998, bls. 211) þá virðist sem að í hinum einföldu frásögnum Íslendingasagna sé einatt „falinn lykill að því sem gerir okkur Íslendinga að þjóð.“

Ragnar Ingi Aðalsteinsson ræðir í grein sinni *Menningararfur við upphaf 21. aldar* (2001, bls. 12-13) um líf fornsagnanna og hvernig þær hafa staðist tímans tönn. Hann segir sögurnar „*lífa og verja sig sjálfar af þeirri einföldu ástæðu að þær eru þau snilldarverk sem aðdáendur þeirra hafa haldið fram.*“ Umhverfi okkar hefur breyst og aðstæður okkar en engu að síður er maðurinn sjálfur hinn og sami og áður og hefur gaman af sögum. Fornþókmenntir eiga sem sagt erindi til okkar í dag, þ.e. til Íslendinga almennt. En hvað með grunnskólann, og þá

sérstaklega unglingana. Eiga þessar bókmenntir erindi til þeirra? Segir Ragnar Ingi sögurnar ekki síður höfða til unglunga í dag en áður, þeir hafi jafn gaman af sögum og ungmenni fyrri tíma.

Það er „*synd öllum stærri, að láta æskulýðinn vaxa upp án þess að veita honum það líf og þann yl sem fólgin er í bókmenntum vorum, láta hann verða feyskið kjarr, af því enginn vökvir með lifandi vatni úr Urðarbrunni íslenskrar sögu og ljóða*“ skrifaði Guðmundur Finnabogason árið 1903 (bls. 60). Þessi orð eru í samræmi við mat þeirra Guðmundar B., Örnólfs og Ragnars Inga. En takist okkur að komast að þeirri niðurstöðu að nauðsyn sé að hafa miðaldarsögur í námskrá grunnskólabarna þurfum við að velta fyrir okkur ástæðum þess. Við slíkar vangaveltur segir Örnólfur (1998, bls. 215-221) fara á kreik erfið og loðin hugtök; menningararfur, sígildar bókmenntir, þjóðerni, íslensk tunga. Hann telur erindi okkar með kennslu miðaldabókmennta í skólum vera „*að kynna þeim hið besta úr bókmenntasögunni, öndvegisverk höfunda, kannski einkum til að þroska smekk og næmi, auka orðaforða og treysta málkennd.*“ En kennsla fornbókmennta hefur meira fram að færa en fræðslu um menningarleg og málleg efni. Í þeim er m.a. fengist við ýmis konar siðfræðilegt efni sem á fullt erindi við nútímamanninn og ekki síður nemendur grunnskólans (Guðmundur B. Kristmundsson, 1995, bls. 43).

Af umfjöllun hér á undan má sjá að fornbókmenntir eru álitnar mikilvægur hluti menningararfsins, hluti sem eigi megi glatast. En hvert ætli sé viðhorf íslenskukennara í efstu bekkjum grunnskólans? Ætli þeir séu á sömu skoðun varðandi mikilvægi þessara bókmennta, skemmtanagildi þeirra og fræðslu? Með þeirri rannsókn sem sagt er frá hér er markmiðið að svara eftirfarandi spurningum:

- **Hvernig eru fornbókmenntir nýttar til kennslu 8. – 10. bekkjar í grunnskólum Fjarðabyggðar?**
- **Hvert er viðhorf þátttakenda til notkunar fornbókmennta í kennslu?**

Var sendur hálfopinn spurningalisti til tíu íslenskukennara í grunnskólum Fjarðabyggðar og má sjá niðurstöðurnar hér á eftir.

2 Fræðilegur kafli

„*Kjölfesta hvernar þjóðar er menning hennar*“ sagði í aðalnámskránni sem kom út árið 1989 (Aðalnámskrá grunnskóla, 1989, bls. 11). Á hátíðarstundum heyrum við gjarnan talað hátíðlega um menningararf okkar Íslendinga og mikilvægi þess að hafa hann í hávegum. Hvaða menningu er verið að tala um og hver er þessi menningararfur? Oftar en ekki eru það fornbókmenntirnar okkar sem verið er að tala um og þá einna helst Íslendingasögurnar. „*Sá sem ekki þekkir fortíð þjóðar sinnar á í erfiðleikum með að finna sér stað í nútímanum*“ eru orð Guðmundar B. Kristmundssonar úr grein er hann skrifaði í *Skímu* árið 1995 (1995, bls. 39). Í greininni sem ber heitið *Börnin og menningararfurinn* fjallar Guðmundur um mikilvægi þess að þessi hlekkur við fortíðina verði styrktur og bresti ekki. Svipaðar áhyggjur koma fram í meistaraprófsverkefni Ragnars Inga Aðalsteinssonar, *Að kenna fornsögu í upphafi nýrrar aldar*, sem kom út árið 2000. Verkefnið er skrifað út frá Íslendingasögunni *Hrafnkels saga Freysgoða*, er gerist á heimaslóðum höfundar.

Það er nú svo að þrátt fyrir að flestir geti verið sammála um mikilvægi menningararfsins og þess að forsögur okkar nái að lifa góðu lífi með þjóðinni þá er hætt við að slíkt gerist ekki af sjálfu sér. Skólarnir gegna mikilvægu hlutverki í því að miðla þessum hluta menningararfsins til þeirra sem erfa skulu land og því skiptir miklu máli að honum sé ætlað það rými í aðalnámskrá sem þörf er á. Fleira skiptir máli, s.s. áhugi kennara á efninu og forsendur þeirra til að miðla því. Í þeirri rannsókn sem greint er frá hér á eftir er það m.a. afstaða kennara sem til skoðunar er.

2.1 Aðalnámskrá grunnskóla og fornbókmenntir

Ragnar Ingi Aðalsteinsson (2000, bls. 14) skoðaði í meistaraprófsritgerð sinni hver væri vegur Íslendingasagna í aðalnámskrá grunnskóla. Kemst hann að þeirri niðurstöðu að vegur þeirra hafi aukist í íslenskum skólum á síðustu 50 árum. Meginbreytinguna segir hann hafa orðið með námskránni frá 1976 þar sem gerðar eru kröfur um að nemendur lesi heila Íslendingasögu.

Ef skoðaðar eru tvær nýjustu útgáfur af námskrá má sjá þessari áherslu fylgt eftir. Í aðalnámskrá frá 1999 er skýrt kveðið á um að nemendur skuli fyrir lok grunnskólans „*hafa lesið og hlýtt á fjölbreytta íslenska bókmenntatexta, bæði forna og nýja*“ (Aðalnámskrá grunnskóla, íslenskuhluti, 1999, bls. 64). Er þeim ætlað að hafa m.a. lesið og rætt um

Íslendingasögur, Íslendingaþætti og goðsögur en auk þess að hafa lesið eina Íslendingasögu í fullri lengd.

Fyrir fjórum árum, 2007, kom síðan nýjasta útgáfa aðalnámskrár grunnskóla út. Textinn þar er svipaður og í námskránni frá 1999 en þar stendur m.a. að: „Við lok 10. námsárs á nemandi að

- hafa lesið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir, svo sem skáldsögur, leikrit, þjóðsögur, goðsögur og ljóð
- þekkja til íslenskra bókmennta að fornu og nýju, hafa lesið Íslendingasögu og úr verkum nokkurra höfuðskálda“

(Aðalnámskrá grunnskóla, íslenskuhluti, 2007, bls. 18)

Af ofangreindu má sjá að íslenskar fornbókmenntir eru síður en svo úti í kuldanum í því plaggi sem íslenskir grunnskólakennarar fara eftir þegar áhersluþættir í kennslu eru mótaðir, þ.e. aðalnámskrá grunnskóla.

2.2 Kennsla fornbókmennta

En hvernig er best að haga kennslunni, framreiða efnið. Heimir Pálsson minnst þess, í grein sem hann skrifaði í *Skímu* árið 1986 (bls. 3), að þegar hann var menntaskóla hafi lítið setið eftir af bókmenntunum einna helst að hann hafi tileinkað sér nokkur ártöl úr bókmenntasögunni. „Hins vegar undraðist ég oft á árunum þarna á eftir hve óhentugur þessi tiltekni fróðleikur var til að efla manni eiginlegan skilning á viðfangsefnum, textunum, bókmenntunum sjálfum.“ Heimir segir síðar í sömu grein að upp úr 1970 hafi kennslan breyst og textarýni í bókmenntum aukist.

Örnólfur Thorsson (1998, bls. 216) er á svipuðum slóðum í grein sinni *Fornritastiginn, eða Grettir fer í grunnskóla*, sem birtist í *Greinar af sama meiði helgaðar Indriða Gíslasyni sjötugum*. Þar segir Örnólfur orðrétt „Matreiðslan skiptir alltaf mestu; þó hráefnið í sögunum sé sannarlega gott þá þarf uppskriftin að vera klár og kokkurinn að kunna sitt fag.“ Í greininni veltir Örnólfur vöngum yfir því hvernig sé best að kenna fornbókmenntir eða vekja hjá nemendunum áhuga á „þessum fjarlægju og kuldalegu bókmenntum“ og koma í veg fyrir að óundirbúinn og fyrirvaralítill lestur í lok grunnskólagöngunnar „verði eins og bólusetning gegn frekari lestri fornbókmennta“ (bls. 215-216). Þarna kemur Örnólfur að einu meginatriði kennslu fornbókmennta. Það er ekki nóg að komast að þeirri niðurstöðu að menningararfurinn

sé holl lesning fyrir óharðnaðan unglinginn. Ef verklag kennara er á þann hátt að lestur gullaldarbókmenntanna verður „bólusetning“ gegn frekari lestri þeirra þá er auðvitað verr af stað farið en heima setið.

Nú er áratugur liðinn af 21. öldinni og margt breytt í heiminum, sérstaklega frá því að Heimir skrifaði sína grein um miðjan níunda áratug s.l. aldar. Ragnar Ingi Aðalsteinsson skrifaði meistaraprófsritgerð um aldamótin síðustu, *Að kenna fornsögu við upphaf nýrrar aldar*. Ragnar Ingi segir (2000, bls. 21) að þrátt fyrir að við lifum á tímum hraðra breytinga og tækniframfara þá séu unglingar dagsins í dag að eðli til nákvæmlega eins og æskufólk hefur alla tíð verið. „*Þetta unga fólk á það sameiginlegt með jafnöldrum sínum frá öðrum tímum að það hefur gaman af sögum.*“ Ragnar telur að það ætti ekki að vera flókið verk eða vandasamt að kenna þessu fólk að lesa Íslendingasögur. Knappur stíll, dramatísk atburðarás, hraði og spenna. Allir þessir þættir geri það að verkum að auðvelt sé að lifa sig inn í sögurnar. Ekki má heldur gleyma einu aðaleinkenni sagnanna þ.e. þær eru oft sagðar á þann hátt að oft er hið ósagða ekki síður magnþrungið og áhrifaríkt en það sem komið er í orð. Hver drap t.d. Véstein í Gísla sögu Súrssonar og hverjum unni Guðrún mest í Laxdælu? Eða eins og Ragnar segir á einum stað: „*Hlutverk góðra bókmennta er að gera lesanda þeirra virkan, koma hugarflugi hans í gang og gera hann sjálfan að skáldi meðan hann nýtur verksins, og helst nokkru lengur*“ (Ragnar Ingi Aðalsteinsson, 2000, bls. 21).

En hvað leggja svo þessir mætu og margreyndu íslenskumenn til? Hvernig telja þeir best að matreiða efnið? Lítum fyrst á hvað Örnólfur hefur til málanna að leggja í grein sinni *Fornritastiginn, eða Grettir fer í grunnskóla*. Leið Örnólfs er í raun sú að hann vil reisa stiga, fornritastiga. Neðsta þrep stigans er yngsta stig grunnskólans, þar eru endursagnir. Nemendur eru þjálfaðir í að hlusta, máltilfinning þeirra og orðaforði styrktur. Sem mögulegt námsefni nefnir Örnólfur bækurnar: *Egill* eftir Torfa Hjartarson, *Iðunn og eplin* eftir Iðunni Steinsdóttur og *Prinsessan í hörpunni* eftir Kristján Friðriksson. Á undanförunum árum hefur úrval bóka fyrir yngstu lesendurna aukist til muna og ættu kennarar því ekki að vera í erfiðleikum með efni t.d. hafa komið út í teiknimyndasögum *Laxdæla* og *Njálssaga*. Á miðstigi telur Örnólfur tilvalið að leggja fyrr nemendur létt lesefni í bland við endursagnir. Úrval bóka fyrir þennan aldurshóp er líka mun meira, má þar t.d. nefna goðsögubækur Iðunnar Steinsdóttur: *Óðinn og bræður hans*, *Lífið í Ásgarði* og *Æsir á fljúgandi ferð*. Einnig er stutta texta að finna í lesbókum miðstigs, *Rauðkápu*, *Blákápu* og *Grænkápu*, textum sem tiltölulega auðvelt er að flétta myndum og skýringum af ýmsum toga við. Þannig taki hver trappan við af annarri í fornritastiganum þar til að toppnum er náð, lestur heillar sögu. Misjafnt er hvar kennarar setja

þetta þrep, sumir byrja í áttunda bekk, aðrir í níunda bekk og að lokum einhverjir í tíunda þó það sé líklega fátítt í dag. Eða eins og Örnólfur kemst að orði: „*Frelsið er lykilatriði og samþætting fornra texta og nýrra; kennarar og skólar þurfa að hafa svigrúm til að haga umfjöllun þannig að hún rími við áhuga og aðstæður hverju sinni*“ (Örnólfur Thorsson, 1998, bls. 222-223).

Kokkurinn, kennarinn, þarf því að vanda matreiðsluna og gæta þess að lesa vel í aðstæður, ólíklegt sé að sama matreiðslan gangi ár eftir ár. Til að þetta gangi eftir þarf hráefnið líka að vera til staðar, Örnólfur telur söguúrval kennara ekki nógu gott, of fáar sögur séu tiltækilegar í aðgengilegum útgáfum. „*Það eru engin rök til þess að öll íslensk börn þurfi að komast í tæri við Gísla Súrsson og fjölskyldu hans*“ (Örnólfur Thorsson, 1998, bls. 216-217). Auka þarf úrvalið svo skólar og kennarar geti valið sögur með hliðsjón af t.d. áhuga kennara, staðsetningu skóla og samsetningu nemendahóps svo nokkur atriði sé nefnd.

Eins og kom fram hér framar telur Ragnar Ingi hlutverk góðra bókmennta vera það að gera lesandann virkan og geta notið verksins helst töluvert lengur en lestur þess tekur. Því þarf að vanda til verksins og gera það aðgengilegt og skiljanlegt þeim unglingum sem það lesa. Skapa þarf kringumstæður sem laða nemandann að verkinu fremur en að hann fælist frá vegna þess að honum leiðist kennsluaðferðin. Ragnar er tíðrætt um samband unglinganna (bls. 23) við fornsögur og textatengsl þeirra við sögurnar. Það sé eitthvað sem þurfi að hafa í huga þegar skólaútgáfur sagnanna eru undirbúnar og einnig við undirbúning kennslunnar. Til dæmis sé hægt að láta nemendur endurskapa sögurnar með umræðum, ritun og annarri verkefnavinnu; í því sambandi nefnir hann dæmi úr kennsluleiðbeiningum sínum með *Hrafnkötlu*. Þar fá nemendur það verkefni að skella sér í skó sona Hrafnkels við ákveðnar aðstæður og gera fyrstu persónu frásögn frá þeirra sjónarhóli. Ragnar tekur undir það með Örnólfi að verkefnið verði að vera fjölbreytt og stuðla að því að atvik sögunnar séu skoðuð út frá ólíkum sjónarhornum. Ragnar telur upplífgun kennsluaðferða ekki síður nauðsynlega vegna þess að túlkun lesandans er ekkert annað en samsömun hans við eigin hugmyndaheim og lífsgildi. Þannig eru allar líkur á að túlkun nemenda nú í upphafi 21. aldar sé ólík þeirri sem var fyrir þrjátíu árum síðan, hvað þá aldamótin þar á undan. Ragnar segir Íslendingasögurnar ekki beint skrifaðar fyrir börn en þær eigi fullt erindi til grunnskólanema, ekki aðeins vegna þess að þær séu partur af menningararfinum heldur ekki síður vegna þess eiginleika þeirra að geta gert kennsluna léttu og skemmtilega sé rétt á haldið. „*En til þess að svo megi verða ber nauðsyn til þess að kennarar leggi vinnu í að undirbúa kennsluna og nýti sér alla þá þekkingu sem nú er*

að finna í sjóðum þeirra sem rannsaka uppeldis- og kennslufræði“ (Ragnar Ingi Aðalsteinsson, 2000, bls. 26).

Sigurður Svavarsson menntaskólakennari tekur undir með þeim Heimi, Örnólfi og Ragnari. Í *Skímu* (1990, bls. 28-29) birti hann grein þar sem hann lýsir þeirri skoðun sinni að móðurmálskennarar þurfi „*að leysa bókmenntirnar úr fjötrum*“, á hann þar við of mikla áherslu á bókmenntasögu og bókmenntafræði. Efla beri frjálsan lestur þeirra og leggja meira upp úr sjálfri upplifuninni og uppgötvuninni.

2.3 Fornbókmenntir og kennaranám

Hvað læra grunnskólakennarar í námi sínu tengt fornþókmenntum? Eru þeir undirbúnir undir þessa kennslu? Er lögð áhersla á fornþókmenntir í námi þeirra svo þeir þekki til þessa hluta menningararfsins? Það er stundum svo að fátt er um svör þegar stórt er spurt. Það á þó ekki við í þetta sinn því einfalt mál er að skoða hvernig undirbúningi verðandi kennara fyrir kennslu fornþókmennta er háttað. Á heimasíðu Háskóla Íslands má sjá, í kennsluskrá, að aðeins eitt námskeið í íslensku er í kjarna B.Ed. náms. Það er námskeiðið Talað mál og ritað sem telur 10 einingar (Háskóli Íslands, 2011, kennsluskrá, kennaradeild, grunnám).

Seint verður fram hjá því litið að allir kennarar eru móðurmálskennarar. Því er ekki úr vegi að skoða hvert innihald þessa eina námskeiðs, sem hinir verðandi kennarar sækja, er. Eins og áður segir er námskeiðið 10 einingar. Meginmarkmið þess er „*að búa nemendur undir lestur og ritun fræðilegra texta og að miðla þeim munnlega og skriflega*“ (Háskóli Íslands, 2011, kennsluskrá, kennaradeild, grunnám, Talað mál og ritað). Af þessu má ljóst vera að komandi móðurmálskennarar fá engan undirbúning fyrir bókmenntakennslu úr kjarna B.Ed. námsins. Og látum við þá hér liggja á milli hluta aðrar undirgreinar íslenskunnar, s.s. málfræði.

Velji hinir verðandi kennarar kjörsviðið íslensku fá þeir hins vegar talsverða íslenskukennslu í sínu námi. Markmið kennslu á því kjörsviði er „*að efla þekkingu kennaranema á íslenskri tungu og bókmenntum og gera þá sem hæfasta til að miðla þekkingu sinni í grunnskólakennslu*“ (Háskóli Íslands, 2011, kennsluskrá, kennaradeild, grunnám, faggreinakennsla í grunnskóla). Innan þessa kjörsviðs er m.a. að finna námskeiðið

Miðaldabókmenntir og miðaldamál (10 einingar). Þess ber þó að geta að námskeiðið er valnámskeið og því ekki víst að komandi kennarar fái þann undirbúning fyrir kennslufornbókmennta sem þar er í boði.

Frá og með vorinu 2012 þurfa þeir sem ætla sér að starfa við kennslu í grunnskóla meistaraþróf til þess að öðlast réttindi til slíkrar kennslu. Meistaránámið er 120 eininga nám¹. Í kjarna þess er engin íslenska en innan þess er þó hægt að velja námsleiðina íslensku og íslenskukennslu. Fari nemendur þá leið í náminu bæta þeir talsvert við sig í íslenskunámi. Kjósi þeir hins vegar aðra námsleið þurfa þeir, eins og komið er fram, ekki að bæta við sig íslenskunámi frekar en þeir vilja (Háskóli Íslands, 2011, kennsluskrá, kennaradeild, framhaldsnám), umfram það móðurmálsnám sem er að finna í kjarna B.Ed. námsins.

Þátttakendur í þeirri rannsókn sem greint er frá hér á eftir hafa flestir talsverða reynslu í kennslu og luku námi fyrir 3 - 32 árum síðan. Því er ekki úr vegi að líta aðeins lengra aftur í tímann, skoða vægi móðurmálsins í kennaranámi á síðustu áratugum. Lilja Guðný Jóhannesdóttir (2010) skoðaði í meistaraþrófsverkefni sínu vægi íslensku í kennaranámi. Segir hún hafa dregið umtalsvert úr vægi íslensku í kennaranámi frá því sem var á síðasta áratug 20. aldar, en þá var íslensku ætluð 12-15% þeirra eininga sem þurfti til kennararéttinda. Í dag er íslensku ætluð rúm 5% af þeim einingum sem þarf til B.Ed. prófs. Ef við lítum á B.Ed. og M.Ed. námið sem eina heild verður hlutfallið enn lægra, eða rúm 3%².

En hvaða kennarar eru það sem kenna íslensku í grunnskólum í dag? Eru það kennarar sem hafa haft íslensku að kjörsviði í kennaranámi? Á niðurstöðum rannsóknar sem gerð var vorið 2009, af þeim Ragnari Inga Aðalsteinssyni, Ingibjörgu B. Frímansdóttur og Sigurði Konráðssyni, má sjá að það kemur í hlut kennara af öllum kjörsviðum að kenna íslensku sem bekkjarkennarar. Þau skoðuðu einnig hverjir það væru sem kenndu íslensku sem greinakennarar. Niðurstöðurnar sýndu að flestir greinakennarar í íslensku koma af íslenskukjörsviði, eða 64,4%. Þessi niðurstaða þótti ekki óeðlileg en hins vegar kom á óvart

¹ M.Ed. nám (meistaránám) er 120 eininga nám að loknu B.Ed. námi sem er 180 eininga nám. Því munu grunnskólakennarar framtíðarinnar ljúka 300 eininga námi áður en starfsréttindum er náð.

² Hér er einungis verið að skoða kjarna kennaranáms. Ljóst má vera að nemendur á íslenskukjörsviði fá umtalsvert meiri fræðslu í íslensku.

hversu stór hluti kennara af öðrum kjörsviðum sinni greinakennslu í íslensku. Sem dæmi má nefna að hlutur list- og verkgreinakennara var 27,9%, hlutur íþróttakennara 28,9% og heimilisfræðikennara 12%. Þátttakendur voru einnig beðnir að meta hæfni sína til að kenna íslensku og þeir sem mátu hæfni sína hvað mesta komu af íslenskukjörsviði eða höfðu ekki getað valið sér kjörsvið í námi sínu. List- og verkgreinakennarar, íþróttakennarar og heimilisfræðikennarar eru hins vegar dæmi um hópa sem skáru sig mest úr, þ.e. mátu hæfni sína til íslenskukennslu minni en aðrir hópar (Ragnar Ingi Aðalsteinsson, Ingibjörg B. Frímansdóttir og Sigurður Konráðsson, 2010).

Á niðurstöðum þeirra Ragnars Inga og félaga má sjá að það er ekki nema rúmur helmingur greinakennara í íslensku sem koma af íslenskukjörsviði. Eftir standa rúm 35% sem koma af öðrum kjörsviðum og hafa því jafnvel ekki nema 10 íslenskueiningar í farteskinu, þ.e. eru búnir undir lestur, ritun og miðlun fræðilegra texta. Við skulum svo láta öðrum eftir að meta hvort slíkt námskeið falli undir íslenskunám eða nám í fræðilegum vinnubrögðum.

Það ætti því að vera orðið óhætt að svara því hvað grunnskólakennarar læri í námi sínu tengt fornbókmenntum og hvort þeir séu undirbúnir undir þessa kennslu. Miðað við ofangreindar upplýsingar er varla of stórt tekið upp í sig með því að svara seinni spurningunni neitandi og segja að grunnskólakennarar séu ekki undirbúnir undir þessa kennslu. En hvað læra þeir í námi sínu tengt fornbókmenntum? Svarið er í raun þetta; þeir læra lítið eða ekkert um fornbókmenntir eða kennslu þeirra.

2.4 Framboð fornbókmennta fyrir grunnskóla

En hvaða efni er í boði? Í hvaða gullkistur geta kennarar sótt til að koma menningararfinum okkar til skila? Hverjir eru útgefendurnir? Hvernig eru þær útgáfur sem í boði eru? Er hætta á því að nemendur bólusetjist gegn frekari lestri fornbókmennta vegna „tungumála“ erfiðleika?

Námshagkerfið er sú stofnun sem grunnskólakennarar hafa leitað fyrst til þegar athuga skal hvaða námsefni er í boði. Samkvæmt lögum um Námsgagnastofnun er hlutverk hennar „að leggja grunnskólum til námsgögn í samræmi við meginmarkmið náms og kennslu á grunnskólastigi samkvæmt grunnskólalögum og aðalnámskrá“ (Námsgagnastofnun, 2007). En upp á hvað býður Námsgagnastofnun okkur í dag? Hvert er hennar framlag til fornbókmenntakennslu á unglingsstigi grunnskóla landsins? Eftir töluverða leit á heimasíðu stofnunarinnar fannst ein bók. Íslendingasagan *Laxdæla*. Með *Laxdælu* fylgir tvenns konar stoðefni, annarsvegar hljóðbók og hins vegar kennsluleiðbeiningar, hvorttveggja aðgengilegt á heimasíðu Námsgagnastofnunar. Reyndar má hugsanlega telja þrjár bækur sem stofnunin

gaf út á árunum 2006–2009 í úrvali unglingsstigs en bækurnar voru þó upphaflega kynntar til sögunnar sem miðstigs kennsluefni. Er hér um að ræða goðsögubækur Iðunnar Steinsdóttur: *Óðinn og bræður hans*, *Lífið í Ásgarði* og *Æsir á fljúgandi ferð*. Í bókunum endursegir Iðunn hluta Snorra-Eddu fyrir börn og jafnvel má nýta efnið að hluta til fyrir unglinga einnig. Með bókunum er hægt að fá hljóðbækur og svo er einnig kennsluvefur með hugmyndum að verkefnum. Eins og áður sagði eru bækurnar upphaflega ætlaðar miðstigi og verkefnið miðuð við það námsstig en kennarar geta vel nýtt sér kennsluefina sem hugmyndabanka (Námsgagnastofnun).

Skólavefurinn (www.skolavefurinn.is) var stofnaður í byrjun árs 2000. Vefurinn hefur vaxið jafnt og þétt frá þeim tíma og er nú stærsti náms- og fræðsluvefur landsins. Á Skólavefnum er að finna fjöldann allan af Íslendingasögum: *Brennu-Njáls saga*, *Egils saga Skallagrímssonar*, *Haraldar saga hárfagra*, *Kjalnesingasaga*, *Fóstbræðra saga*, *Haralds saga Sigurðssonar*, *Gísla saga Súrssonar*, *Eiríks saga rauða*, *Gunnlaugs saga orms tungu*, *Hrafnkels saga Freysgoða* og *Laxdæla saga*. Einnig er nokkra Íslendingaþætti þar að finna: *Auðunar þáttur vestfirska*, *Íslendinga þáttur sögufróða* og *Þorvalds þáttur víðförla*. Eingöngu er um Íslendingasögur og þætti að ræða á Skólavefnum en engar annarskonar fornbókmenntir. Sögurnar og þættina er bæði hægt að nálgast til útprintunar og einnig er möguleiki á gagnvirku viðmóti. Ýmiskonar stoð- og ítarefni er að finna á vefnum, svo sem verkefnahefti, gagnvirkar æfingar, kennsluleiðbeiningar, kaflalýsingar, kort, upplestur o.fl. (Skólavefurinn).

Mál og menning, sem reyndar gefur bækur sínar út í dag undir merkjum Forlagsins, býður upp á skólaútgáfur af nokkrum Íslendingasögum, goðfræðibókunum Snorra-Eddu og Eddukvæðum, einnig er þar að finna riddarasöguna Tristrams saga. Bækurnar eru fyrst og fremst ætlaðar til framhaldsskólakennslu en vel má nota hluta þeirra í efsta bekk grunnskólans, 10. Bekk. Reyndar er það svo að Gísla saga Súrssonar er gefin út af Mál og menningu. Með sumum bókanna t.d. Grettis sögu og Gísla sögu, má finna kennsluleiðbeiningar á læstu kennarasvæði (Forlagið). Fyrir nokkrum árum gaf Mál og menning einnig út tvær bækur, *Heil brú* og *Auga Óðins*, með sögum úr norrænni goðafræði. Báðar bækurnar eru smásagnasöfn, *Heil brú* með níu sögum en *Auga Óðins* með sjö. Ekki er um eiginlegar goðsögur að ræða heldur hafa nútíma rithöfundar og myndskreytar tekið höndum saman og sótt efnivið í hinn ótæmandi sagnabrunn norrænnar goðafræði (Forlagið).

Að lokum er vert að minnast á heimasíðu Snerpu, (www.snerpa.is). Snerpa er ísfirskt margmiðlunarfyrirtæki. Á vef sínum býður fyrirtækið m.a. upp á afþreyingarvef og þar má t.d. finna Netútgáfuna. Þar kennir ýmissa grasa s.s. texta mjög margra Íslendingasagna, fjölda

Íslendingaþátta, nokkurra fornaldarsagna Norðurlanda, sögur Heimskringlu, Gylfaginningu og Landnámabók. Snerpumenn komast vel að orði á síðu sinni þar sem stendur: „*Hýsing efnisins er framlag Snerpu til varðveislu menningararfs þjóðarinnar*“ (Snerpa, netútgáfan). Eingöngu er um textaskrár að ræða, engin verkefni, engar leiðbeiningar, orðskýringar eða neitt þess háttar. Vel má þó hugsa sér að kennarar geti nýtt sér efnið á ýmsan hátt s.s. kynningar á sögum (Snerpa, netútgáfan).

Niðurstaða þessarar yfirferðar um útgáfur fornþókmennta er þá sú að af ýmsu er að taka, kennarar þurfa reyndar að bera sig töluvert eftir þjórginni og leita út fyrir rann Námsgagnastofnunar. Bækurnar eru með nútímasniði á stafsetningu óbundins máls og flestar með orðskýringum að auki. Úrval annarra fornþókmennta en Íslendingasagna er þó mjög takmarkað fyrir unglíngastig og ljóst að þar þarf að gera bragarbót á.

3 Rannsóknaraðferð

Til að kanna hvernig kennslu í fornbókmenntum er hagað í 8.-10. bekk í Fjarðabyggð var ákveðið að gera eiginlega rannsókn meðal kennara sem sinna þeirri kennslu.

Var leitað eftir samvinnu skólastjóra þeirra skóla er í úrtakinu voru (fylgiskjal 1) og þeir fengnir til að leita til kennara um þátttöku. Þátttakendum, sem og skólastjórum, var heitið nafnleynd og fullum trúnaði og einnig fengu þátttakendur frekari upplýsingar (fylgiskjal 2), s.s. að þeim væri frjálst að hafna þátttöku, hætta þátttöku hvenær sem væri og eins að sleppa því að svara ákveðnum spurningum. Að lokum var síðan spurningalisti sendur þátttakendum í tölvupósti (fylgiskjal 3).

Tilkynning var send til Persónuverndar þegar fyrirkomulag rannsóknarinnar lá fyrir, tilkynning nr. S5120/2011 (fylgiskjal 4).

Verður nú nánar greint frá þátttakendum, mælitækjum, framkvæmd rannsóknarinnar, rannsóknarsniði, úrvinnslu gagna og takmörkum rannsóknarinnar.

3.1 Þátttakendur

Rannsóknin náði til allra íslenskukennara er kenna á unglíngastigi, 8. – 10. bekk, við grunnskólana í Fjarðabyggð. Grunnskólar Fjarðabyggðar eru fimm og alls koma tíu kennarar að íslenskukennslunni. Öllum kennurunum var sendur spurningalisti en svör bárust frá átta.

3.2 Rannsóknarsnið og mælitæki

Til að kanna hvernig kennslu fornbókmennta er hagað í 8.-10. bekk í Fjarðabyggð var ákveðið að gera eiginlega rannsókn. Slíkar aðferðir henta mjög vel þegar gert er ráð fyrir að atriði eins og lífsgildi og menning eigi þátt í að skýra hinn félagslega veruleika fólks (Grétar L. Marinósson, 2004). Var beitt fyrirbærafræðilegri rannsókn, en það á vel við þegar markmiðið er að nálgast persónulega reynslu fólks, og snið rannsóknar var tilviksrannsókn. Spurningalistinn, sem sendur var, samanstóð af 25 spurningum; níu krossaspurningum og sextán opnum spurningum.

3.3 Framkvæmd og svörun

Í byrjun janúar 2011 var sendur tölvupóstur til skólastjóra allra grunnskólanna í Fjarðabyggð, í bréfinu var fyrirhuguð rannsókn kynnt og skólastjórar beðnir um nafnalista íslenskukennara á unglíngastigi viðkomandi skóla. Skólastjórararnir brugðust vel við og í kjölfarið var send

formleg beiðni um að fá að leggja spurningalista fyrir kennarana. Að fengnu leyfi skólastjóranna var kennurunum sent bréf með kynningu á rannsókninni og spurningalisti að auki. Þátttakendafjöldinn taldi tíu kennara, svör bárust tilbaka frá 8, svarhlutfall var því 80%.

3.4 Úrvinnsla

Gögn voru slegin inn í Microsoft Office Excel 2010. Möguleikar forritsins til myndrænnar túlkunar á niðurstöðum voru notaðir bæði við einstaka svör úr opnum og lokuðum spurningum.

Með opnu spurningunum fengust skrifleg gögn sem flokkuð voru í undirflokkar eftir þeim til frekari úrvinnslu og túlkunar. Reynt er að reka augun í ákveðin orð eða setningar sem endurtaka sig í gögnunum.

Í eigindlegum rannsóknum er markmiðið ekki endilega að komast að almennum reglum (Þuríður Jóhannsdóttir, 2009) sem yfirfæra má á hópinn í heild. Í rannsókn sem þessari er markmiðið að lýsa einstökum tilvikum. Trúverðugleiki rannsóknarinnar byggist því fyrst og fremst á því hversu trúverðugur og marktækur textinn er.

Við úrvinnslu opinna spurninga var einnig markmiðið að „láta rödd kennaranna heyrast“ og því er mikið um beinar tilvitnanir í þátttakendum í niðurstöðukafla. Í slíkum tilvitnunum eru svör þátttakenda birt óbreytt að öðru leyti en því að greinilegar stafvillur eru leiðréttar.

3.5 Takmarkanir rannsóknarinnar

Ekki er möguleiki að alhæfa um það sem hægt er að greina úr niðurstöðum rannsóknarinnar þar sem hún nær til afmarkaðs svæðis og einungis lítils hluta þeirra grunnskólakennara sem sinna íslenskukennslu í 8.-10. bekk enda slíkt ekki tilgangur eigindlegra rannsókna. Verður að líta svo á að hér sé fjallað um upplifun takmarkaðs hóps af fornbókamenntakennslu og gefur rannsóknin vísbendingar um hver bakgrunnur þátttakenda er í fornbókmenntafræðum og hvert viðhorf þeirra er til stöðu kennslu fornbókmennta.

Einnig verður að setja þann fyrirvara við rannsóknina að niðurstöður hennar eru rekjanlegar og getur slíkt hugsanlega haft áhrif, bæði á niðurstöður og svarhlutfall.

4 Niðurstöður


Eins og áður er fram komið er markmið með þeirri rannsókn sem hér er greint frá að afla upplýsinga um hvernig Íslendingasögur eru nýttar til kennslu í 8.-10. bekk í grunnskólum Fjarðabyggðar og hvert sé viðhorf kennaranna til notkunar fornbókmennta í kennslu. Þátttakendur starfa allir við grunnskóla Fjarðabyggðar, en þeir eru átta talsins. Aðeins fjórðungur hópsins er karlkyns, eða tveir og konur eru sex. Stærstur hluti hópsins var á aldrinum 35-54 ára, eða sex þeirra. Einn þátttakandi er 34 ára eða yngri og einn 55 ára eða eldri.

Allir hafa þátttakendur réttindi til grunnskólakennslu en þeir útskrifuðust á árunum 1979-2008. Einn þeirra útskrifaðist 1979, þrjú á árunum 1982-1989, einn árið 1998 og loks þrjú á árunum 2003-2008.

Þátttakendur voru spurðir hversu stórum nemendahópum þeir kenndu að jafnaði og hjá sjö þeirra voru það 11-20 nemendur. Einn þátttakandi kenndi þó að jafnaði stærri hóp, eða 21-30 nemendum.


4.1 Bakgrunnur þátttakenda í kennslu

Spurningar er tengdust kennslureynslu þátttakenda voru þrjár. Voru þeir spurðir *hversu lengi þeir hefðu starfað við kennslu, hversu lengi þeir hefðu starfað við íslenskukennslu og hversu lengi þeir hefðu sinnt kennslu fornbókmennta.*




Mynd 1: Kennslureynsla þátttakenda

Eins og sjá má á Mynd 1 er kennslureynsla þátttakenda þó nokkur. Allir hafa þeir starfað við kennslu í sex ár eða meira og hefur helmingur hópsins 16 ára eða lengri kennslureynslu.



Mynd 2: Kennslureynsla í íslenskukennslu á unglingastigi

Mynd 2 sýnir hver reynsla þátttakenda er af íslenskukennslu í 8.-10. bekk. Greinilega hafa ekki allir starfað við slíka kennslu allan kennsluferil sinn. Aðeins einn þátttakandi hefur starfað á þessu sviði í 16 ár eða lengur. Fjölmenntastur er nú hópurinn sem hefur sex til tíu ára reynslu, en hann telur 5 þátttakendur eða rúman helming hópsins. Tveir þátttakendur hafa svo reynslu af íslenskukennslu á unglingastigi til tveggja eða færri ára.



Mynd 3: Kennslureynsla í kennslu fornbókmennta

Á Mynd 3 má sjá að niðurstöður úr spurningunni hversu lengi þátttakendur hafi sinnt kennslu fornbókmennta er mjög sambærileg við það hversu lengi þátttakendur hafa sinnt íslenskukennslu á unglingastigi. Stærsti hluti hópsins, eða sex þátttakendur, hefur sinnt kennslu fornbókmennta í 6-10 ár.

4.2 Afstaða þátttakenda til eigin færni og menntunar

Spurningar tengdar afstöðu þátttakenda til eigin færni og menntunar voru tvær. Voru þátttakendur spurðir *hvernig þeir mætu færni sína til kennslu fornþókmennta og einnig hvernig þeir teldu menntun sína nýtast sér við þessa kennslu.*

4.2.1 Mat þátttakenda á eigin færni

Þegar þátttakendur voru spurðir *hvernig þeir mætu færni sína til kennslu fornþókmennta* svaraði einungis einn því til að sig vantaði meiri grunn, hinir sjö voru allir mun jákvæðari. „Ég er ágætur þó ég segi sjálfur frá og þarna spilar sjálfsgagt stórt hlutverk sá mikli áhugi sem ég hef sjálfur á þeim. Við förum vel yfir sögurnar og innlifunin er stundum mikil sem höfðar vel til nemendanna“ sagði einn þátttakendanna. Flestir voru þó varfærnis í svörum sínum en jákvæðir, þ.e. töldu sig ekki endilega færa um dæma sjálfa sig, það væri í höndum annarra. „Það get ég varla dæmt en ég hef trú á kennsluáðferð minni, kem hás úr tíma og sveittur enda búinn að lifa mig inn í söguna“ sagði einn þátttakandinn og annar komst svo að orði: „Ég tel færni mína ásættanlega – núorðið. Í upphafi kennslu þessara þókmennta tel ég færni minni hafa verið mjög ábótavant, enda náði ég ekki góðum árangri í því að vekja áhuga nemenda á efninu. Ég þekkti ekki sögurnar (hafði ekki lesið þær síðan ég var sjálf í grunn- og framhaldsskóla) og hafði enga þekkingu á því hvernig best væri að miðla efninu. En á undanförnum árum hef ég auðvitað lært, þekki í dag einhverjar þessara sagna og tel reynsluna hafa kennt mér að einhverju leyti hvernig best er að vekja áhuga nemenda minna á efninu. Þó vildi ég gjarnan hafa „dýpri“ skilning sjálf á sögunum, þ.e. læra af öðrum um þessar sögur. Sjálfsnám skilar manni langt, en gott væri einnig að læra af öðrum.“ Endurtekningin, reynslan þ.e. að kenna efnið aftur og aftur eykur greinilega þor kennaranna. „Ég met hana sem svo að ég hef áhugann í botni og þá bjargföstu trú að það sem ég kenni sé áhugavert, fræðandi og ekki síst skemmtilegt. En auðvitað eykst færnin eftir því sem ég kenni bókina oftar, alltaf nýir vinklar.“

4.2.2 Mat þátttakenda á hagnýti náms síns

Voru þátttakendur spurðir *hvernig þeir teldu menntun sína nýtast sér þegar kæmi að kennslu fornþókmennta.* Voru þeir einnig beðnir um að útskýra hvaða menntun þeir ættu við enda bakgrunnur þeirra fjölbreyttur þegar kom að menntun. Hjá þeim sjö þátttakendum sem svöruðu spurningunni má segja að svörin hafi skipst í þrjú flokka.

Fyrsti hópurinn sem taldi tvo þátttakendur taldi sig ekki hafa sérstaka menntun í kennslu fornbókmennta. „Ég hef aldrei fengið neina sérstaka menntun í þessu né öðru sem að íslensku snýr, ég bara lenti í þessu.“ Viðkomandi þátttakandi hefur grunnskólakennaramenntun og lauk því námi árið 1985. Annar sem taldi sig ekki hafa sérstaka menntun í þessari kennslu hefur til viðbótar við B.Ed. próf lokið M.Ed. námi í íslensku og íslenskukennslu. Hann telur sig þó ekki hafa fengið undirbúning fyrir kennslu fornbókmennta í námi sínu, „Í B.Ed. námi mínu lærði ég EKKERT um fornbókmenntir, fékk bara réttindi til að kenna þær. Í viðbótarnámi fyrir íslenskukennara lærði ég örlítið, þá um goðsögur. En engan veginn nóg. Í meistaranámi mínu í íslensku og íslenskukennslu bar fornbókmenntir því miður aldrei á góma. Því tel ég óhætt að segja að menntun mín nýtist mér lítið sem ekkert við þessa kennslu. Það sem ég kann og get í dag í kennslu þessara bókmennta er komið úr sjálfsnámi mínu. Og betur má ef duga skal.“

Í hópi tvö, sem inniheldur þrjá kennara, eru þeir sem töldu menntunina sem slíka ekki gera gæfumuninn heldur áhugann. „Ég held að öll menntun nýtist að einhverju leyti en á móti vil ég einnig árétta að ég er ekki viss um að menntunin búi til áhugann – hann verður að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að byggja á honum. Ég er því ekki viss um hvernig ég á að svara þessari spurningu öðruvísi en að segja að ég held að menntunin mín nýtist ekki nærri eins vel í kennslunni og sá áhugi sem ég hef alltaf haft á efninu. Hugsanlega hefur íslensku-menntun mín skerpt á hugsuninni og að einhverju marki á vinnubrögðunum en eins og ég segi held ég að áhuginn hljóti að gilda mun meira í þessu“. Svo mælir tiltölulega nýútskrifaður grunnskólakennari sem einnig er í M.Ed námi í íslenskukennslu. Annar þátttakandi sem „lenti“ í fornbókmenntakennslunni og telur áhugann skipta miklu máli segir svo: „Ég er reyndar myndlistarkennari en sökum smæðar skóla og mikillar samkennslu kenni ég bóklegar greinar líka. Hef mjög mikinn áhuga á íslensku og bókmenntum og les mikið sjálf og skrifa ýmislegt.“

Þriðja hópurinn telja síðan þeir sem segja menntun sína hafa nýst þeim vel, alls tveir kennarar. Annar þeirra er þá að vitna í framhaldsmenntun sína: „Framhaldsmenntunin nýtist mér mjög vel. Í M.Paed. sem er framhaldsnám fyrir kennara á mastersstigi í HÍ er hægt að velja sér greinar í íslensku – hugvísindadeildinni- fornbókmenntir, miðaldasögur, kristnisögu og forn málaáfangar. Ég tók allt sem ég gat í þessum geira og gerði lokaverkefni sem var rannsókn á því hvort nöfn úr Austfirðingasögum hefðu enst í Austfirðinga-fjórðungi. Mér finnst það segja mikið 9. – 10. bekkingar hafa meiri áhuga flestir á fornsögum hjá mér en Mýrinni og Englum alheimsins sem við lesum sem heilar sögur á móti Gíslasögu og

Hrafnkelu.“ Hinn þátttakandinn í þessum hópi er sá eini sem hafði íslensku sem aðalval í sínu námi. Hjá honum spilar áhuginn einnig inn í. „*Mjög vel, var með íslensku sem aðalval. Svo varð ég hugfangin af þeim Íslendingasögum sem ég las í framhaldsskóla, en þeir kennarar voru afar áhugasamir. Þar lærði ég líka Hávamál og Völuspá og fleiri slíka texta, ég held að krakkar á grunnskólastigi hafi ekki þroska til að stúdera það allt saman. Þar er boðskapurinn vissulega einfaldur og góður, en gamla málið væri allt of mikið torf fyrir þau að mínu mati.*“

4.2.3 Samantekt

Það er athyglisvert að sjá hversu jákvæðir kennararnir eru gagnvart kennslunni í fornbókmenntum þrátt fyrir að fararnestið úr kennaranáminu hafi verið af skornum skammti. Á svörunum má vera ljóst að áhugi og elja kennaranna við að styrkja sig í baráttunni við fornbókmenntirnar skilar þeim langt eða eins og máltækið segir, „*trúin flytur fjöll*“.


4.3 Fornbókmenntir í 8.-10. bekk

Ein spurning beindist að því hvaða fornbókmenntir þátttakendur notuðu til kennslu í 8.-10. bekk. Voru svör frekar einsleit hvað það varðar að það voru helst nokkrar Íslendingasögur sem notaðar voru. Fjölbreytni birtist hins vegar í því hvaða sögur voru uppi á borðinu í hvaða bekk. Einungis tveir kennarar taka goðsögur sérstaklega fyrir og þá í 10. bekk og aðeins einn kennir riddarasögu, þ.e. annar þeirra sem kennir goðsögurnar.

Aðeins fimm Íslendingasögur eru kenndar í grunnskólum Fjarðabyggðar: Gísla saga Súrssonar er vinsælust en hún er kennd í öllum skólunum, Gunnlaugs saga Ormstungu og Hrafnkels saga Freysgoða voru einnig nokkuð vinsælar, að lokum voru Kjalnesinga saga og Laxdæla einnig nefndar til sögunnar.

4.3.1 Fornbókmenntir í 8. bekk

Í drögum að nýjustu aðalnámskránni frá 2007 eru engin þrepamarkmið í íslenskukennslu líkt og var í námskránni frá 1999. Í námskránni frá 1999 var einungis gert ráð fyrir að nemendur í 8. bekk læsu stutta texta úr Íslendingasögunum og öðrum fornsögum. Á undanförunum árum hefur þó færst í vöxt að nemendur lesi heila Íslendingasögu í 8. bekk. Hugsanlega er það vegna tilfærslu samræmdu prófanna til upphafs haustannar er nemendur hefja nám í 10. bekk og einnig aukins framboðs á sögunum með tilkomu Skólavefsins.




Mynd 4: Fornbókmenntir í 8. bekk

Á Mynd 4 má sjá hvaða Íslendingasögur nemendur 8. bekkjar glíma við. Í ljós kom að allir nemendur 8. bekkjar í Fjarðabyggð fá að glíma við heila sögu, í þremur skólum er Gunnlaugs saga Ormstungu lesin, Hrafnkels saga Freysgoða er lesin í tveimur skólum og Kjalnesinga saga í einum. Á þessu má sjá að í einum skólanum fá nemendurnir meira að segja að lesa tvær bækur. Í einum skólanna eru lesnir nokkrir Íslendingaþættir, teknir úr Austfirðingasögum.

4.3.2 Fornbókmenntir í 9. bekk


Líkt og í 8. bekk var ekki sérstaklega gert ráð fyrir lestri á heilli Íslendingasögu í 9. bekk í aðalnámskránni frá 1999, nemendur áttu að kynnst heimi Íslendingasagna annaðhvort með lestri á stuttri sögu eða Íslendingaþætti (Aðalnámskrá grunnskóla, Íslenska, 1999 bls. 74).



Mynd 5: Fornbókmenntir í 9. bekk

Mynd 5 sýnir að í öllum skólum Fjarðabyggðar lesa 9. bekkingar heila Íslendingasögu og meira að segja tvær í einum þeirra. Gísla saga Súrssonar er vinsælust, lesin í fjórum skólum, Laxdæla og Hrafnkels saga eru lesnar í tveimur skólum hvor og Gunnlaugs saga í einum.

4.3.3 Fornbókmenntir í 10. bekk



Mynd 6: Fornbókmenntir í 10. bekk

Í fimm skólum af sjö eru einungis lesnar Íslendingasögur, en í tveimur öðrum eru goðsögur einnig teknar fyrir og í einum skóla er lesin riddarasaga. Eins og í 9. bekk er Gísla saga einnig vinsælust, kennd í þremur skólum. Kjalnesinga saga, Gunnlaugs saga og Hrafnkatla eru síðan allar lesnar í einum skóla hver. Í báðum skólunum þar sem goðsögur voru teknir

fyrir var það efni úr Snorra-Eddu sem varð fyrir valinu. Riddarasagan sem lesin var gerist að mestu við Miðjarðarhaf og heitir Flóres saga og Blankiflúr.

4.3.4 Samantekt

Þrátt fyrir að aðalnámskráin geri eingöngu ráð fyrir að Íslendingasaga í heild sé lesin í 10. bekk þá lesa allir nemendur á unglíngastigi Fjarðabyggðar Íslendingasögu í 8., 9. og 10. bekk. Aðrar tegundir fornþókmennta er að finna í tveimur skólum og kennsla riddarasagna fer fram í einum. Annar kennaranna sem kennir goðsögu kennir einnig riddarasöguna þannig að aðrar tegundir fornþókmennta en Íslendingasagna er eingöngu að finna í tveimur skólum.

4.4 Hvaða fornþókmenntir og hvers vegna?

Tvær spurningar beindust að því hvað réði vali fornþókmennta til kennslu meðal þátttakenda. Voru þeir annars vegar spurðir *hvað réði vali þeirra* og hins vegar *hvort þeir notuðu einhverjar fornþókmenntir frekar en aðrar og þá hvers vegna*.

4.4.1 Hvað ræður vali fornþókmennta?

Þátttakendurnir töldu upp ýmsar ástæður fyrir þókavali sínu. Tveir kennarar nefndu tengsl við landshluta og nálægð við söguvið. Voru þeir þá að höfða til vals á Hrafnkels sögu. Einn nefndi aðgengi að sjónrænu efni en hægt er að nálgast þannig efni bæði tengt Gunnlaugs sögu og Hrafnkels sögu. Gísla saga Súrssonar var eina sagan sem kennd var í öllum skólunum, einn þátttakandinn taldi kosti hennar vera að hún væri stutt en hefði þó allt sem einkenndi Íslendingasögu að byggingu og formi. Fyrir sumum er valið ekkert flókið: „*Mest er um geðþóttaákvarðanir að ræða hjá mér. Ég vel til kennslu þær sögur sem ég hef gaman af, því hafi ég gaman af sögunum tel ég mig eiga góðar líkur á að vekja áhuga nemenda á þeim.*“

4.4.2 Einhverjar fornþókmenntir frekar en aðrar?

Svörin við spurningunni um það hvort þátttakendurnir noti einhverjar fornþókmenntir frekar en aðrar og þá hvers vegna voru misjöfn. Reyndar voru ekki nema þrjár sem svöruðu ákveðið um einhverjar þækur og voru þeir allir sammála um eina þókina, Gunnlaugs sögu Ormstungu: „...*Gunnlaugssaga gengur vel í krakkana*“, sagði sá sem mesta reynsluna hefur. „*Gunnlaugssaga, vegna þess hve stutt hún er og leikritið frábært. Og sagan góð!*“ Þriðji þátttakandinn sem mærði söguna var á svipuðum nótum: „*Gunnlaugs saga finnst mér t.d. vekja áhuga nemenda og einnig er hún stutt og auðveld aflestrar og hentar því vel í 8. bekk.*“ Tveir þátttakendur nefndu Gísla sögu Súrssonar og voru þeir sammála um ágæti þeirrar þókar:

„*Gísla saga er ansi hreint skemmtileg*“ hafði annar þeirra á orði á meðan hinn sagði: „*Gísla saga Súrssonar finnst mér frábær líka, þá fyrir 9. eða 10. bekk*“.

Aðeins einn þátttakandi minntist á aðrar bókmenntir en Íslendingasögurnar. „*Goðsögur eru líkar afskaplega áhugaverðar fyrir 8.-10. bekk. Lítið (eða hreinlega ekkert) virðist þó vera til af aðgengilegu námsefni um goðsögur fyrir unglingastig. Ég ætla þó að láta mig hafa það að reyna að útbúa eitthvað sjálf í vetur því ég hef mikla trú á að efnið henti unglingunum vel. Riddarasögur eru líka heppilegar fyrir þennan aldur, en lítið er til af þeim á aðgengilegu formi fyrir nemendur.*“

Að lokum voru tveir þátttakendurnir á því að tengslin við svæðið, nærumhverfið, skipti máli: „*Mjög mikilvægt að hafa sögur úr nærumhverfi – bara nauðsynlegt!*“

4.4.3 Samantekt

Ýmsar ástæður réðu vali fornbókmennta hjá þátttakendum, s.s. tengsl við landshluta og nálægð við sögusvið, aðgengi að sjónrænu efni, lengd sagnanna og jafnvel hreinar „*geðþóttaákvörðanir*.“ Þær fornbókmenntir sem þátttakendur völdu umfram aðrar voru helst Gunnlaugs saga Ormstunga og Gísla saga Súrssonar, einfaldlega af því að þær þóttu henta nemendahópnum vel.

4.5 Námsefni, úrval og aðgengi

Nokkrar spurningar beindust að námsefni, hvert væri úrval þess og aðgengi að því að mati þátttakenda. Voru þátttakendur spurðir *hvort þeir væru sáttir við úrvalið og hvort þeir teldu eitthvað vanta*. Einnig *hvaða áhrif aðgengi að fornbókmenntum hefði á val námsefnis*. Sjónum var einnig beint að útfærslu námsefnis, þ.e. *hvernig útgáfur þátttakendur vildu kenna, hvort þeir vildu hafa verkefni með námsefninu eða útbúa þau sjálfir og loks hvers virði þeir teldu góðar kennsluleiðbeiningar með námsefninu*.

4.5.1 Mat þátttakenda á úrvali fornbókmennta

Er þátttakendur voru spurðir hvort þeir væru sáttir við úrval þeirra fornbókmennta sem kennarar hafa aðgang að, bæði bóka, verkefna og annars sveifluðust svör þátttakendanna frá því að vera sáttir, sáttir að hluta og til þess að vera ósáttir. Ívið fleiri voru þó sáttir við úrvalið.

Svör þeirra sem voru sáttir við úrval fornbókmennta voru allt frá því að vera „*já*“ til „*úrval Íslendingasagna er gott, þá sérstaklega á Skólavefnum. Þeim útgáfum fylgja einnig orðskýringar, verkefni og fleira sem er af hinu góða. Einnig eru Íslendingaþættir til á*

aðgengilegu formi.“ Einn þátttakandinn sem flokkaður var með þeim sem voru sáttir komst svo að orði: „Það er ekki mikið úrval. Mig vantar ekkert þar sem ég hef verið í allmörgum fornsögu-/máls áföngum í HÍ og laga það efni að minni kennslu.“

Þeir tveir sem voru hvað ósáttastir við úrvalið höfðu á orði að einfalda þyrfti texta sumra sagnanna. „Mér finnst vanta endurskoðaðar bækur þ.e. á auðveldara máli að einhverju leyti“ sagði annar þeirra á meðan hinn var á svipuðum nótum: „Það mætti gera auðveldari útgáfur (sbr. *Laxdælu*) af fleiri sögum, t.d. *Gísla sögu*, *Grettis sögu* og fleiri góðum“ en bætti síðan við: „Svo þykir mér mikil synd að þetta efni skuli ekki notað í kvikmyndir og þætti í ríkari mæli.“

Einungis tveir þátttakendur minntust á aðrar bókmenntir en Íslendingasögur og voru þeir sammála um að þar væri skortur á efni og fannst öðrum þeirra það ansi miður: „Hvað aðrar fornbókmenntir varðar er úrvalið dapurlegt, í raun ekkert til (eða þá að mér hefur ekki tekist að ramba á það). Til dæmis er sorglegt að ekkert skuli gefið út tengt goðsögum fyrir unglunga. *Iðunn Steinsdóttir* hefur endursagt slíkar sögur í bókum sem henta miðstigi – frábært framtak. En það þyrfti svo sannarlega að gera skurk í námsefni fyrir unglingastigið“

Eins og sjá má á svörum kennaranna fannst þeim ýmislegt vanta í fornbókmennta úrvalið: Átaks er þörf í útgáfum goðsagna, gefa þarf út fleiri „auðveldari“ bækur og nýta þarf sagnaarfinn betur í kvikmynda- og þáttagerð fyrir sjónvarp.

4.5.2 Áhrif aðgengis á val námsefnis

Voru þátttakendur spurðir hvort aðgengi að fornbókmenntum hefði áhrif á það hvaða námsefni yrði helst fyrir valinu hjá þeim. Svör voru mismunandi, allt frá því að vera greinargóð til þess að segja lítið sem ekkert. Svörin skiptust nokkuð jafnt á milli þess að kennararnir svöruðu því til að aðgengið hefði annars vegar áhrif en hins vegar að það hefði lítil sem engin áhrif. „Aðgengið hefur alltaf einhver áhrif. Ég reyni þó að láta það ekki hafa of mikil áhrif, þ.e. ef mig langar að taka einhvers konar fornsögur til kennslu þá reyni ég að lesa mér til sjálf og útbúa efni sem hentar mínum nemendum. En erfitt aðgengi dregur, að ég held, alltaf úr líkum á að bókmenntir séu notaðar til kennslu.“ Þessi orð eins þátttakendanna lýsa nokkuð vel sjónarmiðum beggja hópanna. Aðgengið hefur áhrif en kennararnir reyna þó að skapa sína sérstöðu.

4.5.3 Hvernig útgáfur henta?

Með spurningunni um hvernig útgáfur kennararnir vilji kenna fylgdi smá útskýring. Spurningin var svohljóðandi: „*Hvernig útgáfur vildir þú kenna? (með eða án orðskýringa, með eða án verkefna, eldri eða nýrri textagerð o.s.frv.) Hvers vegna?*“

Flestir kennararnir vildu að orðskýringar fylgdu með og einnig voru þeir á því að ný textagerð hentaði betur, enginn minntist á að nota eldri textagerð. „*Orðskýringar eru nauðsynlegar svo efnið verður að innihalda þær – ég tel orðskýringar vera nauðsynlegt hjálpartæki til að skilja textana, sérstaklega fyrir þá sem eru að taka sín fyrstu skref í þessu námi. Eins hallast ég heldur að því að nota nýrri textagerðir fremur en að staulast í gegnum eldri texta en þar er hugsunin fyrst og fremst sú að færa orðalagið nær nútímanum, bæði til að auka skilning og áhuga því ég tel að staðreyndin sé einfaldlega sú að nemendur eigi það frekar á hættu að missa áhugann ef skilningurinn er lítill.*“ Svo mæltist einum þátttakendanna og má næstum ætla að hann hafi lesið hugsanir nokkurra annarra sem voru með svipuð svör. Verkefni vildu kennararnir hafa með en ekki endilega til að nota hrá heldur kannski matreiða þau frekar fyrir hópinn. „*Ég vil gjarnan hafa „sem mest með“, þ.e. orðskýringar, verkefni og slíkt. Orðskýringar eru mjög góður lestrarstuðningur fyrir nemendur (og reyndar kennarana líka) og verkefni er alltaf gott að hafa við höndina. Þó tel ég mikilvægt að kennarar séu gagnrýnir þegar verkefni eru annars vegar. Það er mikilvægt að þeir aðlagi verkefni að sér og sinni kennslu og einnig að þeim nemendahóp sem á í hlut hverju sinni,*“ sagði einn þátttakandinn í hópnum á meðan annar hafði eftirfarandi á orði um verkefnin: „*Ég vil einnig hafa aðgang að verkefnum og vega síðan og meta hvort ég nýti þau eða ekki.*“

4.5.4 Stuðningsefni eða ekki?

Sjónum var einnig beint að því hvort þátttakendur vildu hafa verkefni með námsefninu eða hvort þeir vildu útbúa slíkt sjálfir. Svörin voru nokkuð á einn veg. Allir kennararnir vildu semja sín verkefni sjálfir, a.m.k. að hluta til. „*Ég vil fá verkefni með – til að fá hugmyndir. Oftast enda ég þó á því að búa til mín eigin, a.m.k. að hluta, því þannig verkefni endurspegla þær áherslur sem ég hef lagt í kennslunni og eru líklegri til að vera aðlöguð að viðkomandi nemendahóp.*“ Aðrir kváðu fastar að orði og vildu engin verkefni sjá, „*ég vil fremur búa verkefnin til sjálfur en að taka fyrirfram tilbúin verkefni. Ástæðan er einfaldlega sú að hver og einn kennari hefur sínar áherslur og sínar hugmyndir um kennsluna, hvort sem um er að ræða fornbókmenntir eða eitthvað annað. Verkefni og próf sem fylgja kennslu fornbókmennta hljóta að fylgja þeim áherslum sem kennarinn hefur sjálfur fylgt frá upphafi og mér þykir það skjóta*

skökku við að hafa eina áherslu (og þá sína eigin) í sjálfri kennslunni, en svo þegar komið er að því að leysa verkefni er allt í einu stuðst við fyrirfram tilbúið verkefni frá einhverjum öðrum aðila sem óhjákvæmilega hlýtur að hafa haft einhverjar aðrar hugmyndir eða áherslur. Þetta getur leitt til þess að nemendur misskilji hreinlega verkefnin.“ Raddir beggja þessarar þátttakenda endurspegla það viðhorf hinna að eigin verkefni endurspegli betur þeirra kennslu en verkefni sem aðrir hafa gert eða eins og M.Paed kennarinn orðaði það. „Tvímælalaust. Þau verða að vera í takt við kennsluna hverju sinni.“

Einnig var athugað *hvers virði þátttakendur teldu góðar kennsluleiðbeiningar. Sjö kennarar svöruðu þessari spurningu og voru öll svörin á eina leið. „Þær eru nauðsynlegar“* sagði kennarinn með mestu reynsluna, „*Góðar kennsluleiðbeiningar eru dýrmætar*“ sagði einn og annar komst svo að orði „*Þær eru gulls ígildi!!!*“ Af þessu má ljóst vera að kennararnir vilja sem mest af stoðefni, ekki endilega til að nota hrátt heldur matreiða eftir eigin leiðum ofan í nemendurna.

4.5.5 Samantekt

Meirihluti þátttakenda var sáttur við úrval þeirra fornþókmennta sem kennarar hafa aðgang að. Þeir sem voru ósáttir gagnrýndu helst textana, töldu að þá þyrfti að einfalda. Einnig var gagnrýnt að lítið úrval væri af fornsögum öðrum en Íslendingasögum. Um helmingur þátttakenda taldi aðgengi hafa áhrif á val námsefnis á meðan um helmingur taldi aðgengið ekki hafa áhrif.

Þátttakendur vildu helst nýta útgáfur fornþókmennta með orðskýringum til kennslu en verkefnin vildu þeir helst semja sjálfir, þar sem slík verkefni væru líkleg til að endurspegla áherslur í kennslunni. Mikilvægt þótti að hafa góðar kennsluleiðbeiningar með fornþókmenntunum.

4.6 Afstaða til kennslu fornþókmennta

Skoðað var *hver afstaða þátttakenda væri til kennslu fornþókmennta í 8.-10. bekk. Einnig voru þátttakendur spurðir hvern þeir teldu ávinning nemenda vera af lestri fornþókmennta. Loks var spurt hvaða fornþókmenntir þeir vildu sjá kenndar í grunnskólum.*

4.6.1 Hvaða afstöðu taka þátttakendur til kennslunnar?

Þegar þátttakendur voru spurðir hvaða afstöðu þeir hefðu til kennslu fornþókmennta í 8.-10. bekk birtust mjög einróma svör. Allir voru þátttakendurnir mjög jákvæðir í garð forn-

bókmenntakennslu. „Mjög jákvæður fyrir þeirri kennslu“ sagði einn þátttakandinn, annar komst síðan svo að orði: „Ég er mjög hrifin af fornbókmenntum sem námsefni á unglíngastigi. Mér finnst afskaplega mikilvægt að nemendur hafi gaman af íslensku og notkun fornbókmennta stuðlar að því, sé vel að verki staðið. Auk þess er mikilvægt að nemendur lesi sem fjölbreyttastan texta, og er lestur fornbókmennta einn þáttur þess. Einnig er það svo að þegar í framhaldsskóla er komið lesa nemendur talsvert af fornbókmenntum og er því mikilvægt að nemendur hljóti þjálfun í lestri þess konar texta í grunnskólanum“. Þrír þátttakendanna komu inn á tengslin við menningararf þjóðarinnar. „Mér finnst að unglíngar á þessum aldri eigi að kynnast bókmenntaarfi þjóðarinnar“ kom frá einum kennaranum og annar kom einnig inn á tengsl við heimabyggðina: „Nauðsynleg fyrir menningararfinn og þjóðernið, jafnvel svæðið þ.e. Austurland“. Einn þátttakandi steig örlítið varlegar til jarðar en hinir og vildi fara hægt af stað til að gera ekki út af við áhuga nemendanna: „Mér finnst rétt og sjálfsagt að kenna þær en stíga þarf varlega til jarðar eins og áður segir og fara hægt af stað til að gera ekki útaf við áhuga nemenda“.

4.6.2 Hafa nemendur ávinning af lestri fornbókmennta?

Hátt var til lofts og vítt til veggja í svörum þátttakenda um hvern þeir teldu vera ávinning nemenda af lestri fornbókmennta. Menningararfurinn kom aftur við sögu hér: „Íslenskar fornbókmenntir eru mikilvægur menningararfur sem öllum er að mínu mati hollt að lesa“. Tungumálið og orðaforðinn fengu sinn hluta athyglinnar: „Fyrst og fremst ánægju. Sem annan ávinning má nefna lestrarþjálfun, aukningu orðaforða og þekking á þessum hluta menningararfs okkar Íslendinga“. Orðaforðinn og sagan: „Aukin þekking á sögu landsins, aukinn orðaforði“. Það að vita meira í dag en í gær: „Hvern? Upplýstum einstaklingum líður betur – eru öruggari með sig. Allir vilja þekkja ræturnar?“

4.6.3 Hvaða fornbókmenntir henta?

Svörin við spurningunum: *Hvaða fornbókmenntir vildir þú sjá kenndar í grunnskólanum og hvers vegna?* voru af ýmsum toga. Því miður vantaði hjá flestum svar við seinni hluta spurningarinnar þ.e. rökstyðja mál sitt. Tveir sögðu einfaldlega „sem flestar“ og kannski ekki mikið að græða á svörum sem þessum, nýliðinn í hópnum gaf þó greinargott svar: „Ég er ágætlega sáttur við þær sögur sem ég hef nefnt hér áður í könnuninni þar sem þær eru tiltölulega auðveldar í meðförum og þjóna því áðurnefndu hlutverki um að koma nemendum af stað. Hugsanlega mætti bæta Grettis sögu við flóruna þar sem hún er bæði tiltölulega

auðveld og mjög skemmtileg. Brennu-Njáls saga er hins vegar að mínu mati ekki góð til kennslu í grunnskóla því þó hún sé sennilega ein best skrifaða saga sem komið hefur fram er hún allt of flókin og margslungin til að hægt sé að kenna hana í grunnskólum“. Fleiri minntust á Grettis sögu sem möguleika en þá í léttari útgáfu. Aðeins tveir þátttakendanna minntust á aðrar fornþókmenntir en Íslendingasögur: „Íslendingasögur, Íslendingaþætti, goðsögur, riddarasögur a.m.k. Í raun finnst mér mikilvægt að nemendur kynnist sem flestum flokkum fornþókmennta“ sagði annar en hinn hafði þetta að segja: „Íslendingasögur, goðsögur, Völuspá, Íslendingaþætti o.fl.“.

4.6.4 Samantekt

Allir voru þátttakendur mjög jákvæðir í afstöðu sinni til kennslu fornþókmennta. Töldu þeir ávinning nemenda af lestri fornþókmennta mikinn og af ýmsum toga, s.s. ánægju, þekkingu á menningararfinum, lestrarþjálfun og eflingu orðaforða. Vildu þátttakendur sjá sem flestar fornþókmenntir kenndar í grunnskólanum.

4.7 Kennslutilhögun

Tilhögun við kennslu fornþókmennta var skoðuð og voru þátttakendur spurðir *hvernig þeir höguðu helst kennslunni*. Voru þeir einnig spurðir *hvernig þeir teldu heppilegast að vekja áhuga nemenda, hvort þeir teldu einhverjar sérstakar fornþókmenntir höfða til nemenda frekar en aðrar og loks hvort þeir teldu fornþókmenntir áhugavert námsefni fyrir grunnskólanemendur*.

4.7.1 Hvernig haga þátttakendur helst kennslunni?

Þátttakendur voru spurðir hvernig þeir höguðu helst kennslu fornþókmennta. Meirihluti kennaranna eða fimm talsins notuðu eigin upplestur mikið. „Ég les hvert orð með nemendum og leik allar persónur og reyni eins og ég get að fá þau til að hlakka til næstu kennslustundar.“ Fjórir af þessum fimm sem nota mikið leiklesinn upplestur eru með viðbótarmenntun í íslensku, þrír þeirra M.Ed og einn M.Paed. „Við lesum saman – kryffjum textann, útskýringar og vangaveltur – segi þeim frá skrifum annarra og berum saman við nútímann.“ Hjá sumum er yfirferðin og verkefnavinnan fjölbreytt: „Ég les upphátt fyrir nemendur og útskýri efnið fyrir þeim jafnóðum. Slíkt finnst mér nauðsyn, því annars skilja nemendur ekki efnið nógu vel og fara á mis við skemmtanagildi þess. Einnig tel ég mikilvægt að vinna markvisst með persónur sagnanna og tengsl þeirra. Í Íslendingasögum koma

gjarnan gífurlega margar persónur við sögu og án slíkrar vinnu missa nemendur þráðinn, flestir ef ekki allir. Einnig spjöllum við mikið um sögurnar og nemendur skrifa ritgerðir. Áður en að ritgerðavinnu kemur finnst mér mjög mikilvægt að vinna hugarkort með nemendum þar sem við veltum fyrir okkur hvaða viðfangsefni er hægt að taka fyrir. Í ritgerðunum vil ég ekki að nemendur skrifi endalausar endursagnir á söguþræði, heldur takið ákveðin viðfangsefni fyrir (og það er svo sannarlega af nógu að taka). Stundum læt ég nemendur halda lestrardagbók. Slík vinna er að ég tel bæði lærdómsrík og krefjandi – enda „baula“ nemendur gjarnan þegar ég fer fram á slíkt. Við vinnum einnig, eins og áður segir með persónurnar, þ.e. bíum þær til og myndum veggmyndir sem sýna tengsl þeirra á milli. Oft fylgja þá í kjölfarið dramatískar stundir þar sem nemendur hengja svarta krossa við hlið þeirra persóna sem láta lífið – og þær eru ófáar í þessum sögum. Mikilvægast af öllu tel ég þó vera að kennarinn hafi sjálfur gaman af sögunum, þá á hann möguleika á að kveikja áhuga nemenda sinna á þeim“. Handritagerð og kvikmyndun kom einnig við sögu. „Heimalestur, umræður, hópastarf, vinnubókavinna, handritagerð, kvikmyndun“.

4.7.2 Hvernig er heppilegast að vekja áhuga nemenda?

Þegar kom að því að svara til um það hvernig kennararnir teldu best að vekja áhuga nemendanna og gæða textann lífi voru flestir sammála því að lifandi kennsla væri árangursríkust: „Kennarinn leggur sig allan í verkið, les með þeim og leikur“ sagði einn og frá öðrum kom: „Leikræn tilþrif og öll læti (á réttum stöðum) eru alltaf jafn skemmtileg.“ Leikræn tjáning nemenda kom einnig fyrir, nemendur gerðu handrit, stuttmyndir komu við sögu og svo þetta: „Einnig væri spennandi að nýta leikræna tjáningu. Það hef ég lítilliga gert t.d. í leiklistarvali þar sem nemendur léku Þrymskviðu.“ Það kom einnig sterkt fram hjá þátttakendunum að áhugi kennarans skipti miklu máli. „Aðallega með því að hafa áhuga sjálfur og fara vel yfir atburðarásina“ komst einn að orði meðan annar bætti ástríðunni við; „ef kennarinn hefur ástríðu og áhuga, þá skilar það sér.“ Að lokum komu tveir þátttakendanna inn á tengsl við umhverfið; það er að þekkja textann mjög vel sjálfur og hafa á honum áhuga einnig ef hægt er að tengja hann einhverju sem nemendur þekkja og síðan að „tengja sögurnar við nútímann og þeirra veruleika.“

4.7.3 Vilja nemendur einar fornbókmenntir frekar en aðrar?

Af svörum við spurningunni um hvort þátttakendur teldu einhverjar sérstakar fornbókmenntir höfða til nemenda frekar en aðrar má sjá að sitt sýnist hverjum. Mismunandi reynsla

Þátttakendanna af fornbókakennslu á unglingsstigi spilar einnig hér inn í, sumir hafa það litla reynslu að þeim finnst erfitt um að dæma. Eins og áður hefur komið fram voru einungis tveir kennarar sem kenndu annað efni en Íslendingasögur og báðir minnst á efni þaðan. „Íslendingasögur, þar er svo mikið um dramatísk örlög, ást, hatur, hefnd o.fl. Goðsögur höfða einnig til þeirra, enda eru þær sögur mjög litríkar. Hver hefur t.d. ekki áhuga á að heyra um bellibrögð Loka? Ja, eða hetjudáðir og tryggð Gísla Súrssonar?“ sagði annar þeirra en hinn komst svo að orði: „Allar góðar sögur höfða vel til nemenda. Goðafræðin norræna (og raunar gríska líka) er til dæmis uppfyll af skemmtilegum sögum og því þykir mér hún höfða vel til nemenda. Hið sama má segja um margar Íslendingasagnanna – þetta eru hasarsögur margar hverjar.“ Fleiri minntust á Gísla Súrsson: „Gísla saga er í uppáhaldi, klikkar aldrei, dramatísk, ástir og hormónar fljóta yfir bakka sína, mikilfenglegur hetjudauðinn skemmir ekki fyrir.“ Uppbyggingu Íslendingasagnanna telja sumir heppilega til kennslu: „Íslendingasögur því þær innihalda ást og hatur, glæp og refsingu, þetta er allt klassískt efni!!!.“ Í einum skólanum hefur rík áhersla verið lögð á kennslu staðbundinna sagna, þ.e. sögur sem gerst hafa á Austurlandi. Hefur það gengið vel og hafði viðkomandi kennari eftirfarandi að segja: „Staðbundnar sögur, Hrafnkelssaga, Vopnfirðingasaga – allar Austfirðingasögur og þættir. Vopnfirðingasaga er allt of þung fyrir 9. – 10. bekk en það er hægt að taka úr sögunni“. Eins og kom fram hér frammar í textanum sýndist sitt hverjum og má segja að flestar bækurnar sem kenndar eru hafi fengið atkvæði. „Kjalnesingasaga er blanda af ævintýri og riddarasögu, krökkunum þykir hún skemmtileg. Laxdæla, auðvelda útgáfan, er spennandi, margt að gerast“.

4.7.4 Eru fornbókmenntir áhugavert námsefni?

Loks voru þátttakendur spurðir hvort þeir teldu fornbókmenntir vera áhugavert námsefni fyrir grunnskólanemendur. Ekki voru allir á einu máli varðandi þessa spurningu. „Bæði og. Mér hefur stundum fundist sem þetta höfði betur til stráka heldur en stelpna, sérstaklega Íslendingasögurnar sem eiga það til að vera blóðugar og „karlmannlegar“. En það er ljóst að það hafa ekki allir gaman af þessum sögum“. Náms efnið er áhugavert en kennarinn verður að passa sig. „Þær eru áhugaverðar ef þér tekst að gera þær þannig úr garði, það er ekki nóg að henda bókum fyrir nemendur og skipa þeim að lesa.“ Annar sem tók í svipaðan streng sagði: „Já! Ekki spurning. Bara spurning hvernig það er matreitt ofan í nemendurnar.“ Innihaldsríkt efni sagnanna bar einnig á góma: „Já, vegna þess að það má nálgast þær á svo

margvíslegan hátt. Efnið hentar t.d. vel til umræðu um lífsgildi, jafnrétti, mannkosti, drengskap, vináttu o.s.frv. Möguleikarnir eru endalausir. Tíminn er hinsvegar knappur.“

4.7.5 Samantekt

Fimm þátttakendur sögðust nota eigin upplestur mikið í kennslunni og þar af sögðust fjórir leiklesa sögurnar. Flestir sögðust beita fjölbreyttum aðferðum við yfirferð og verkefnavinnu, s.s. upplestri, útskýringum og umræðum, ritgerðaskrifum, lestrardagbókum, vinnu með persónur, hópastarfi, vinnubókum, handritagerð og kvikmyndun.

Til að vekja áhuga nemendanna og gæða textann lífi töldu flestir þátttakendur að lifandi kennsla væri árangursríkust. Leikræn tjáning nemenda kom einnig fyrir, nemendur gerðu handrit, stuttmyndir komu við sögu. Einnig var áhugi kennarans talinn skipta miklu máli.

Sitt sýndist hverjum þátttakanda um það hvort einhverjar sérstakar fornþókmenntir höfðuðu til nemenda frekar en aðrar en almennt þóttu Íslendingasögur henta vel þar sem þær innihéldu dramatísk örlög, ást, hatur, hefnd, hetjur- og hetjudauða og glæpi, væru raunverulegar hasarsögur. Ekki voru allir þátttakendur á eitt sáttir um það hvort fornþókmenntir væru áhugavert námsefni fyrir grunnskólanemendur, greinilega töldu þátttakendur þó að framsetning kennara á efninu hefði mikil áhrif á það hversu áhugavert efnið væri fyrir nemendur.

5 Umræða

Með þeirri rannsókn sem lýst er hér að framan var markmiðið að svara spurningunum:

- **Hvernig eru fornþókmenntir nýttar til kennslu 8. – 10. bekkjar í grunnskólum Fjarðabyggðar?**
- **Hvert er viðhorf þátttakenda til notkunar fornþókmennta í kennslu?**

Einnig var skoðað hvað aðalnámskrá grunnskóla hefði að segja um fornþókmenntakennslu, hvernig heppilegast væri að kenna fornþókmenntir, hvaða undirbúning verðandi kennarar fengju fyrir þessa kennslu í námi sínu og hvert framboð fornþókmennta fyrir grunnskólann væri.

5.1 Kennsla fornþókmennta

Greinilegt er að framsetning skiptir miklu máli þegar bera á fornsögur á borð nemenda. Gæta þarf þess að undirbúa nemendur vel og styðja vel við bakið á þeim í þessu námsefni svo þeir nái að njóta sagnanna. Takist illa til er hætt við því að þeir verði fornsögunum fráhverfir og þá sé verr af stað farið en heima setið. Ekki telja þó allir að fornsögur séu vandmeðfarið kennsluefni í grunnskólanum enda einkennist sögurnar af dramatískri atburðarás, hraða og spennu og ættu því að höfða til ungmenna í dag því þau hafi, ekki síður en ungmenni fyrri tíma, gaman af sögum.

Þátttakendur rannsóknarinnar sem greint var frá hér að framan virðast vera á sama máli og leggja sig fram um að vekja áhuga nemenda sinna á fornþókmenntum, m.a. með því að styðja við lesturinn með upplestri sagnanna og jafnvel leiklestri þeirra. Einnig er greinilegt að þeir beita fjölbreyttum kennsluáðferðum sem eykur líkurnar á að þeir nái að vekja áhuga sem flestra nemenda.

Örnólfur Thorsson (1989) vill reisa „fornritastiga“ og byggja smám saman upp þekkingu og skilning nemenda á efninu þar til toppnum sé náð með lestri heillar sögu á unglíngastigi grunnskólans. Ragnari Inga Aðalsteinssyni (2001) er tíðrætt um samband unglínganna við fornsögur og textatengsl þeirra við sögurnar. Þeir kennarar sem þátt tóku í rannsókninni virðast vera á sama máli og þeir félagar og vilja stíga varlega til jarðar við upphaf kennslu fornþókmennta og vilja gjarnan tengja fornsögurnar við umhverfi nemenda, þ.e. nærumhverfi þeirra. Því velja þeir gjarnan sögur til kennslu sem koma úr umhverfi nemenda.

Ragnar Ingi bendir einnig á (2001) að þrátt fyrir að Íslendingasögurnar séu ekki beint skrifaðar fyrir börn þá eigi þær fullt erindi til grunnskólanemenda vegna þess að þær geti gert

kennsluna léttu og skemmtilega. Hann leggur þó áherslu á mikilvægi þess að kennarar leggi vinnu í undirbúning kennslunnar, nýti öll tólin í verkfærakistum sínum. Svör þátttakenda endurspeglu þetta, enda segjast þeir beita fjölbreytni við kennsluna. Ekki síst telja þeir þó áhuga kennarans skipta sköpum þegar kemur að því að vekja áhuga nemendanna. Allir voru þeir enda mjög jákvæðir í afstöðu sinni til kennslu fornþókmennta og töldu, eins og Ragnar Ingi, Örnólfur og fleiri, ávinning nemenda af lestri fornþókmennta mikinn og af ýmsum toga. Þarf því ekki að koma á óvart það viðhorf þeirra að vilja sjá sem flestar fornþókmenntir kenndar í grunnskólum.

5.2 Aðalnámsskrá og raunveruleikinn

Á síðustu 50 árum hefur vegur Íslendingasagna aukist í íslenskum skólum (Ragnar Ingi Aðalsteinsson, 2000, bls. 14). Í dag er staðan sú að nemendum er ætlað að hafa fyrir lok grunnskólagöngu lesið Íslendingasögu, þeir eiga að þekkja til íslenskra fornþókmennta og hafa lesið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar þókmenntir, s.s. goðsögur (Aðalnámsskrá grunnskóla, íslenskuhluti, 2007, bls. 18). Fornþókmenntir ættu því ekki að vera úti í kuldanum í grunnskólanum. En hver er raunin? Fá þær tilætlað vægi innan grunnskólans? Miðað við svör þátttakenda í þeirri rannsókn sem hér hefur verið greint frá ætti að vera óhætt að segja að fornþókmenntum sé gert nokkuð hátt undir höfði innan grunnskólans, a.m.k. í grunnskólum Fjarðabyggðar.

Aðalnámsskráin gerir eingöngu kröfu um að Íslendingasaga sé lesin í heild sinni í 10. bekk en þátttakendur rannsóknarinnar fara með nemendum sínum í gegnum þrjár (til fjórar) slíkar sögur. Eina í 8. bekk, aðra í 9. bekk og loks þá þriðju í 10. bekk. Auk þessa nýttu sumir þátttakenda einnig Íslendingaþætti, goðsögur og riddarasögur í kennslunni. Það ætti því að vera óhætt að segja að raunveruleikinn standist skoðun með aðalnámsskrá til hliðsjónar. Greinilegt er þó að aðrar fornþókmenntir en Íslendingasögur eru á hliðarlínunni og má hugsanlega skýra það með því að aðgengi að Íslendingasögunum er langbest. Einnig töluðu þátttakendur um að þær sögur hentuðu nemendum afskaplega vel.

Bent hefur verið á það hér að framan að fornþókmenntir eigi fullt erindi til okkar nú við upphaf 21. aldar ekki síður en á fyrri tímum. Af svörum þátttakenda má sjá að þeir eru þessu sammála enda telja þeir kennslu fornþókmennta skila nemendum miklum og fjölbreyttum ávinningi.

5.3 Menntun kennara

Skoðað hefur hér á undan hvern undirbúning kennarar fá í námi sínu fyrir kennslu fornbókmennta. Í stuttu máli er raunin sú að kennarar fá lítinn eða enginn undirbúning fyrir slíka kennslu. Íslenskukennsla í kjarna kennaranáms er af skorum skammti, í dag er íslenskunni úthlutað 3% þeirra eininga sem krafist er fyrir kennsluréttindi. Hluti kennaranema velur þó kjörsviðið íslensku í námi sínu og fær þá umtalsvert meiri kennslu í íslensku. Þegar horft er sérstaklega eftir kennslu fornbókmennta innan íslenskukjörsviðsins má þó sjá að þær eru einungis kenndar í valnámskeiði innan sviðsins. Því eru ákveðnar líkur á því að kennarar sem útskrifast af íslenskukjörsviði hafi ekki fengið sterkan grunn í kennslu miðaldabókmennta í námi sínu.

Þátttakendur í rannsókninni sem greint var frá hér að framan hafa fjölbreytilegan bakgrunn í íslenskum fræðum. Allir hafa þeir kennsluréttindi en aðeins einn þeirra kemur af íslenskukjörsviði í kennaranáminu. Hvað viðbótarmenntun varðar þá hefur helmingur hópsins lokið meistaraþráðu í íslensku (M.Paed. og M.Ed. – íslenska og íslenskukennsla). Tveir til viðbótar hafa lokið á bilinu 10-20 einingum í íslensku, að loknu kennaranámi. Því má með nokkru sannni segja að þátttakendur hafi töluverðan bakgrunn í íslenskum fræðum, þrátt fyrir að tæpur helmingur hópsins hafi lokið kennaranámi eftir síðustu aldamót. En eins og áður hefur komið fram þá dró umtalsvert úr vægi íslensku í kjarna kennaranáms í kringum aldamótin (Lilja Guðný Jóhannesdóttir, 2010).

Þátttakendur eru enda allir nema einn tiltölulega jákvæðir í afstöðu til eigin færni í kennslu fornbókmennta. Greinilega töldu þeir þó reynsluna, þ.e. að kenna efnið aftur og aftur, auka færni sína. Aðeins tveir þeirra töldu þó menntun sína hafa nýst sér vel við þessa kennslu, en það eru þeir þátttakendur sem koma annars vegar af íslenskukjörsviði og hins vegar úr M.Paed. námi. Þrír þátttakendur töldu menntun sína ekki gera gæfumuninn sem slíkan, heldur áhugann. Hvað áhugann varðar þá var sú afstaða sameiginleg flestum þátttakendum, að áhugi og elja kennaranna gagnvart fornbókmenntum skilaði þeim langt, í flestum tilfellum talsvert lengra en íslenskunám þeirra.

5.4 Framboð fornbókmennta

Framboð fornbókmennta fyrir grunnskólann er umtalsvert, þegar litið er til Íslendingasagna og Íslendingaþátta. Greinilega er úrval Námsgagnastofnunar þó af skorum skammti en með tilkomu netmiðla, s.s. Skólavefsins og Snerpu hefur úrvalið aukist umtalsvert. Einnig hafa Mál og menning og Forlagið komið að útgáfu fornbókmennta sem henta grunnskólum.

Stuðningsefni með fornbókmenntum er talsvert, s.s. útgáfur með orðskýringum, upplestur og verkefni, en slíkt er helst að finna á Skólavefnum.

Þegar horft er til annarra fornbókmennta en Íslendingasagna og –þátta virðist framboðið þó vera takmarkað enda gera þátttakendur rannsóknarinnar sumir hverjir athugasemd við það. Að öðru leyti eru þeir missáttir við framboðið, ívið fleiri þó sáttir og þótti tilkoma Skólavefsins greinilega hafa bætt úrvalið. Þeir sem ósáttir eru gagnrýna helst texta sagnanna, telja þá of torlesna fyrir nemendur.

Aðgengi að fornbókmenntum hafði áhrif á val námsefnis meðal þátttakenda, þó mismikil því nokkrir þátttakendur virtust duglegir að grafa upp það námsefni sem þeir töldu henta nemendum. Sem dæmi um það má nefna að riddarasaga og goðsögur voru notaðar af tveimur þátttakendum, þrátt fyrir að enginn ofangreindra útgefenda byði upp á slíkt efni. Reyndar hafa á undanförunum árum verið gefnar út bækur sem byggja á goðsögum og einnig hafa verið skrifaðar endursagnir sem ætlaðar eru miðstigi en það er ekki það sem þátttakendurnir nota.

Helst vildu þátttakendur notast við útgáfur sem orðskýringar fylgdu með en ekki var alltaf um slíkt að ræða í þeim útgáfum sem kennararnir höfðu aðgang að. Á vef Snerpu, þar sem mikið úrval Íslendingasagna og –þátta er að finna eru t.d. ekki orðskýringar. Skólavefurinn býður hins vegar upp á talsvert af slíku efni.

Verkefni vildu flestir hafa með, þá til að vinsa úr og styðjast að einhverju leyti við. Fæstir vildu þó nýta verkefni „hrá“, heldur vega þau og meta og aðlaga að sínum nemendahóp. Í þeim útgáfum sem þátttakendur hafa aðgang að er ekki alltaf um slíkt stuðningsefni að ræða. Með útgáfum á Skólavefnum er þó talsvert úrval vinnuhefta, útdráttar, upplestra og slíks stuðningsefnis.

Kennsluleiðbeiningar þóttu einnig af hinu góða og vildu þátttakendur gjarnan sjá þær með þeim útgáfum sem þeir hefðu aðgang að. Auðvitað þyrfti þó alltaf að hafa í huga að kennsluleiðbeiningar innihéldu ekki endilega hinn eina sannleik um hvernig best væri að bera efnið á borð nemenda. Staðreyndin er þó sú að kennsluleiðbeiningar er sjaldnast að finna með þeim útgáfum fornbókmennta sem þátttakendur hafa aðgang að.

Því má ljóst vera að framboð fornbókmennta fyrir grunnskólann er umtalsvert – en betur má þó gera ef duga skal.

5.5 Rannsóknarspurningum svarað

Rannsóknarspurningarnar sem lagt var upp með voru tvær:

- **Hvernig eru fornbókmenntir nýttar til kennslu 8. – 10. bekkjar í grunnskólum Fjarðabyggðar?**
- **Hvert er viðhorf þátttakenda til notkunar fornbókmennta í kennslu?**

Svar við fyrri spurningunni er á þá leið að fornbókmenntir eru nýttar umtalsvert og á fjölbreyttan hátt til kennslu í 8.-10. bekk í grunnskólum Fjarðabyggðar. Ef niðurstöður rannsóknarinnar eru bornar saman við kröfur aðalnámskrár um kennslu fornbókmennta má segja að nemendur fái umtalsvert meiri kennslu á þessu sviði en aðalnámskrá krefst. Þó er varla annað hægt en að höggva eftir því að þetta mikla vægi fornsagna snýr fyrst og fremst að Íslendingasögum, aðrar fornbókmenntir sitja frekar á hakanum. Hugsanlega er þar um að kenna takmörkuðu aðgengi kennara að slíku efni á aðgengilegu formi.

Viðhorf þátttakenda til notkunar fornbókmennta í kennslu er gífurlega jákvætt. Allir sem einn eru þeir jákvæðir og hafa gaman af kennslunni auk þess sem þeir telja ávinning nemenda umtalsverðan.

Verðugar frekari rannsóknir á þessu svið væru að kanna hvort niðurstöður þessar endurspegli grunnskóla landsins í heild sinni. Athuga hvort vegur fornbókmennta sé alls staðar jafn mikill og í grunnskólum Fjarðabyggðar.

6 Lokaorð

Menn hafa haft af því áhyggjur að sá hlekkur sem fornsögur okkar Íslendinga eru við fortíðina kunnir að breyta á komandi árum (Guðmundur B. Kristmundsson, 1995, bls. 39-40). Ekki benda þó niðurstöður þessar rannsóknar til þess að ástæða sé fyrir þessum áhyggjum. Endurspeglir áhersla íslenskukennara í Fjarðabyggð landið allt ættum við að vera í nokkuð góðum málum, en auðvitað getum við þó ekki leyft okkur að alhæfa út frá niðurstöðunum. Í Fjarðabyggð er fornbókmenntum haldið stíft að nemendum unglingsstigsins og er ekki annað að sjá af niðurstöðum rannsóknarinnar en að kennarar og nemendur njóti þess starfs af lífi og sál.

Því má hugsanlega segja, svo vitnað sé til orða Örnólfs Thorssonar (1998, bls. 214), að ungmenni í Fjarðabyggð ættu vel að geta fóttað sig á framtíðarsvellingu þar sem þau séu í skinnsokkum og fótubúnaður þeirra kominn úr handritum okkar Íslendinga. Slíkt hlýtur að vekja von í brjósti þeirra sem vilja veg fornritanna sem mestan. Í það minnsta er höfundur nokkur sáttur við stöðu mála og yfirgefur þetta verk með gleði í hjarta, fullur bjartsýni fyrir hönd fornritanna og menningararfsins.

Heimildaskrá

Forlagið. Íslendingasögur og aðrar fornþókmenntir. Sótt 13. mars 2011 frá:

<http://www.forlagid.is/?cat=59>

Grétar L. Marinósson (2004). Etnógráfía í skólum: glefsur úr rannsóknardagbók. *Glæður*, 14. árg., 1. tbl., bls. 34-42.

Guðmundur Finnbogason (1903). *Lýðmenntun. Hugleiðingar og tillögur*. Akureyri.

Guðmundur B. Kristmundsson (1995). Börnin og menningararfurinn. *Skíma* 18. árg., 1. tbl., bls. 39-43.

Háskóli Íslands (2011). Kennsluskrá, kennaradeild, grunnnám, faggreinakennsla í grunnskóla. Sótt 7. apríl 2011 frá:

<https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=24060&kennsluar=2011>

Háskóli Íslands (2011). Kennsluskrá, kennaradeild, framhaldsnám. Sótt 07. apríl 2011 frá:

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820097_20116&kennsluar=2011

Háskóli Íslands (2011). Kennsluskrá, kennaradeild, grunnnám. Sótt 07. apríl 2011 frá:

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=500000_20116&lina=4760

Háskóli Íslands (2011). Kennsluskrá, kennaradeild, grunnnám, Talað mál og ritað. Sótt 07. apríl 2011 frá:

<https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=50000720116>

Heimir Pálsson (1986). Bókmenntasaga sem fræðigrein – Bókmenntasaga sem kennslugrein. *Skíma* 9. árg., 1. tbl., bls. 3-7.

Lilja Guðný Jóhannesdóttir (2010). *Staða íslenskukennslu: vægi íslenskukennslu í grunnskóla- og kennaranámi og viðhorf íslenskukennara til menntunar sinnar og færni í starfi, stöðu tungunnar og málræktar*. Meistaraprófsritgerð við Háskóla Íslands. Sótt 07. apríl 2011 frá:

<http://skemman.is/stream/get/1946/5901/15974/1/Lokaritgerd.pdf>

Námshagstofnun (2007). Lög um Námshagstofnun. Sótt 15. mars 2011 frá:

<http://www.nams.is/um-namshagstofnun/Log/>

Ragnar Ingi Aðalsteinsson (2000). *Að kenna fornsögur í upphafi nýrrar aldar: dæmi tekið af Hrafnkels sögu Freysgoða*. Meistaraprófsritgerð við Kennaraháskóla Íslands.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson (2001). Menningararfur við upphaf 21. aldar. *Skíma* 24. árg., 2. tbl., bls. 10-15.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson, Ingibjörg B. Frímansdóttir og Sigurður Konráðsson (2010).

Hverjir kenna íslensku, hver er menntun þeirra og hver eru tengsl menntunar og starfsöryggis? Sótt 07. apríl 2011 frá: <http://netla.khi.is/greinar/2010/015/index.htm>

Sigurður Svavarsson (1990). Leysum bókmenntirnar úr fjötrum. *Skíma* 13. árg., 1. tbl., bls. 27-29.

Snerpa. Netútgáfan. Sótt 15. mars frá: http://www.snerpa.is/allt_hitt/netutgafan/

Þuríður Jóhannsdóttir (2009). *Réttmæti og áreiðanleiki*. Sótt 13. mars 2011 frá:

<http://mennta.hi.is/vefir/ust/tjona/rettmaeti.htm>

Örnólfur Thorsson (1998). „Fornritastiginn, eða Grettir fer í grunnskóla.“ *Greinar af sama meidi: helgaðar Indriða Gíslasyni sjötugum*. Baldur Sigurðsson, Sigurður Konráðsson og Örnólfur Thorsson (ritstj.). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, bls. 207-225.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1. Bréf til skólastjóra

Norðfirði, 24. janúar 2011

Vegna rannsóknarinnar: Kennsla fornbókmennta í 8.-10. bekk í grunnskólum
Fjarðabyggðar

Ágæti skólastjóri

Eins og áður hefur komið fram í tölvupósti sem ég sendi þér leita ég eftir samstarfi við þig og íslenskukennara þín vegna B.Ed. rannsóknar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Ég er að leita að þátttakendum í rannsókn þar sem þar sem vil skoða *hvernig kennslu fornbókmennta er háttað í 8.-10. bekk og eins hvert viðhorf kennara er til þessarar kennslu.*

Rannsókn mín er eigindleg og haga ég gagnaöflun þannig að ég sendi þátttakendum hálfopna spurningalista. Spurningalistar sem kennarar fá eru sendir með tölvupósti. Í úrtaki mínu eru allir skólar í Fjarðabyggð sem hafa nemendur í 8., 9. eða 10. bekk.

Verður gætt fyllstu virðingar, trúnaðar og þagmælsku varðandi þátttakendur og þá skóla sem þeir starfa við. Munu nöfn þátttakenda og skóla sem og aðrar auðkennandi upplýsingar hvergi koma fram og verða öll rannsóknargögn geymd í læstri tölvu þar til rannsóknarvinnu er lokið. Verður þeim þá eytt (eigi síðar en 31.5.2011). Hefur rannsóknin verið tilkynnt til persónuverndar (tilkynningarnúmer er S5120/2011).

Með bréfi mínu til þín er ég að óska eftir þér í lið með mér með því að leita til íslenskukennara sem kenna í 8.-10. bekk í þínum skóla um þátttöku í rannsókninni. Fáir þú vilyrði hjá þeim vil ég biðja þig að taka saman netföng þeirra sem tilbúnir eru til þátttöku og senda mér til baka í tölvupósti.

Á næstu dögum mun ég hafa aftur samband við þig til að athuga hvort þú sjáir þér fært að verða við bón minni. Sé svo mun ég óska eftir netföngum viðkomandi kennara og senda þeim spurningalista sem ég við þá kennarana að svara ásamt upplýsingar um rannsóknina. Ef þú

hefur einhverjar spurningar hikaðu þá ekki við að hafa samband við mig.

Með bestu kveðju, Eysteinn Þór Kristinsson

Eysteinn Þór Kristinsson

Grunn- og framhaldsskólakennari, Breiðabliki 4, 740 Neskaupstað

GSM. 846-1374, hs. 477-1964, vs. 477-1124

netfang: eysteinn@skolar.fjardabyggd.is

Leiðbeinandi: Sigurður Konráðsson, prófessor í íslenskri málfræði við HÍ

netfang: sigkon@hi.is

v.s. 525-5564

Fylgiskjal 2. Bréf til kennara

Neskaupstað 09. febrúar 2011

Vegna rannsóknarinnar: Kennsla fornbókmennta í 8.-10. bekk í grunnskólum Fjarðabyggðar

Ágæti íslenskukennari

Ég leita hér með eftir samstarfi við þig vegna B.Ed. rannsóknar minnar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands en ég er að leita að þátttakendum í rannsókn þar sem ég mun skoða *hvernig kennslu fornbókmennta er háttað í 8.-10. bekk í Fjarðabyggð og eins hvert viðhorf kennara er til þessarar kennslu.*

Er rannsókn mín eigindleg og haga ég gagnaöflun þannig að ég sendi þátttakendum hálfopna spurningalista. Spurningalistar sem kennarar fá eru sendir með tölvupósti og eru þeir beðnir að skrá svör sín beint inn í skjalið og senda mér það til baka á sama hátt. Í úrtaki mínu eru allir skólar í Fjarðabyggð sem hafa nemendur í 8., 9. eða 10. bekk. **Hér í viðhengi eru spurningalisti til kennara.**

Verður gætt fyllstu virðingar, trúnaðar og þagmælsku varðandi þátttakendur og þá skóla sem þeir starfa við. Munu nöfn þátttakenda og skóla sem og aðrar auðkennandi upplýsingar hvergi koma fram og verða öll rannsóknargögn geymd í læstri tölvu þar til rannsóknarvinnu er lokið. Verður þeim þá eytt (eigi síðar en 31.5.2011). Hefur rannsóknin verið tilkynnt til persónuverndar (tilkynningarnúmer er S5120/2011).

Það skal tekið fram að þátttakendum er frjálst að neita þátttöku og er þeim einnig frjálst að hætta þátttöku hvenær sem er án þess að gefa á því skýringar. Frjálst er þeim einnig að sleppa því að svara einstaka spurningu / spurningum.

Hafir þú einhverjar spurningar, s.s. varðandi tilgang rannsóknarinnar, framkvæmd eða úrvinnslu þá skaltu ekki hika við að hafa samband við mig.

Með bestu kveðju, Eysteinn Þór Kristinsson

Eysteinn Þór Kristinsson

Grunn- og framhaldsskólakennari, Breiðabliki 4, 740 Neskaupstað

GSM. 846-1374, h.s. 477-1964, v.s. 477-1124

netfang: eysteinn@skolar.fjardabyggd.is

Leiðbeinandi: Sigurður Konráðsson, prófessor í íslenskri málfræði við HÍ

netfang: sigkon@hi.is, v.s. 525-5564

Fylgiskjal 3. Spurningalisti sem kennarar svöruðu

Spurningalisti um kennslu fornþókmennta í 8.-10. bekk í grunnskólum Fjarðabyggðar

Gera má ráð fyrir að það taki um 20 mínútur að svara spurningunum.

Undir íslenskar fornþókmenntir heyrja hverskyns annálar, biskupasögur, drápur, dróttkvæði, Eddukvæði, Fornaldarsögur Norðurlanda, Guðrúnarkviður, háttalyklar, Hávamál, Helgakviður, helgikvæði, hetjukvæði, hetjusögur, hómilíubækur, Íslendingabók, Íslendingasögur, Íslendingaþættir, jarsteinabækur, konungasögur, Landnámabók, lygisögur, postulasögur, riddarasögur, rímur, sagnadans, Sigurðarkviður, Snorra Edda, Sólarljóð, Sturlungasaga, Völuspá, þulur og þýðingar helgar

**Krossaðu við einn svarmöguleika í eftirfarandi spurningum
(nema annað sé tekið sérstaklega fram)**

1. Kyn?

Karl _____

Kona _____

2. Aldur?

34 ára eða yngri _____

35-44 ára _____

45-54 ára _____

55 ára eða eldri _____

3. Hversu lengi hefur þú starfað við kennslu í grunnskóla?

2 ár eða minna _____

3-5 ár _____

6-10 ár _____

11-15 ár _____

16 ár eða meira _____

4. Hversu lengi hefur þú starfað við íslenskukennslu í 8.-10. bekk?

2 ár eða minna _____

3-5 ár _____

6-10 ár _____

11-15 ár _____

16 ár eða meira _____

5. Hversu lengi hefur þú kennt fornbókmenntir?

2 ár eða minna _____

3-5 ár _____

6-10 ár _____

11-15 ár _____

16 ár eða meira _____

6. Hversu fjölmennir eru þeir bekkir / námshópar að meðaltali sem þú kennir íslensku?

1-10 _____

11-20 _____

21-30 _____

30 eða fleiri _____

7. Hver er menntun þín (krossaðu í einn reit og útskýrðu nánar)

Grunnskólakennari

Útskrifaðist úr kennaranámi árið _____

Viðbótarmenntun að loknu kennaranámi? _____

Leiðbeinandi

Menntun: _____

8. Í hvaða bekk / bekkjum kennir þú íslensku (krossaðu við alla möguleika sem við eiga)?

8. bekk

9. bekk

10. bekk

9. Hvaða fornbókmenntir notar þú til kennslu í

a. 8. bekk (krossaðu við alla möguleika sem við eiga)?

i. Íslendingasögur

Ef já, þá hverjar? _____

ii. Íslendingaþætti

Ef já, þá hverja? _____

iii. Goðsögur

Ef já, þá hverjar? _____

iv. Riddarasögur

Ef já, þá hverjar? _____

v. Aðrar fornbókmenntir

Hverjar? _____

b. 9. bekk (krossaðu við alla möguleika sem við eiga)?

i. Íslendingasögur

Ef já, þá hverjar? _____

ii. Íslendingaþætti

Ef já, þá hverja? _____

iii. Goðsögur

Ef já, þá hverjar? _____

iv. Riddarasögur

Ef já, þá hverjar? _____

v. Aðrar fornbókmenntir

Hverjar? _____

c. 10. bekk (krossaðu við alla möguleika sem við eiga)?

i. Íslendingasögur

Ef já, þá hverjar? _____

ii. Íslendingaþætti

Ef já, þá hverja? _____

iii. Goðsögur

Ef já, þá hverjar? _____

iv. Riddarasögur

Ef já, þá hverjar? _____

v. Aðrar fornbókmenntir

Hverjar? _____

**Vinsamlegast svarið eftirfarandi spurningum skriflega,
í einni eða fleiri málsgreinum.**

10. Hvað ræður vali þínu á þeim fornþókmenntum sem þú notar?
11. Eru einhverjar fornþókmenntir sem þú notar frekar en aðrar til kennslu?
Ef já, þá hvers vegna?
12. Ertu sátt/sáttur við það úrval fornþókmennta (þóka, verkefna og annars ítarefnis) sem kennarar hafa aðgang að? Er eitthvað sem þú telur vanta?
13. Hvaða áhrif hefur aðgengi að fornþókmenntum á það hvaða námsefni verður helst fyrir valinu hjá þér?
14. Hvernig útgáfur vildir þú kenna? Hvers vegna?
15. Viltu útbúa verkefni þín sjálf/sjálfur? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
16. Hvers virði telur þú góðar kennsluleiðbeiningar?
17. Hvaða afstöðu hefur þú til kennslu fornþókmennta í 8.-10. bekk?
18. Hvern telur þú vera ávinning nemenda af því að lesa fornþókmenntir?
19. Hvaða fornþókmenntir vildir þú sjá kenndar í grunnskólanum og hvers vegna?
20. Hvernig hagar þú helst kennslunni?
21. Hvernig telur þú heppilegast að vekja áhuga nemenda og gæða textann lífi?
22. Eru einhverjar sérstakar fornþókmenntir sem þú telur höfða til nemenda frekar en aðrar? Ef já, þá hvers vegna?
23. Telur þú að fornþókmenntir séu áhugavert námsefni fyrir grunnskólanemendur? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
24. Hvernig metur þú færni þína til kennslu fornþókmennta?
25. Hvernig finnst þér menntun þín þín nýtast þér þegar kemur að kennslu fornþókmennta (kennaramenntun og/eða önnur menntun, vinsamlega útskýrðu hvaða menntun er átt við)?

Fylgiskjal 4. Staðfesting á tilkynningu til persónuverndar

Eysteinn Þór Kristinsson
Breiðabliki 4
740 Neskaupsstaður



Persónuvernd

Rauharistig 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík 24. febrúar 2011
Télvisun: S5120/2011/ AT/-

Hér með staðfestist að Persónuvernd hefur móttakið tilkynningu í yðar nafni um vinnslu persónuupplýsinga. Tilkynningin er nr. S5120/2011 og fylgir afrit hennar hjálagt.


Allar tilkynningar sem berast Persónuvernd birtast sjálfkrafa á heimasíðu stofnunarinnar. Tekið skal fram að með móttöku og birtingu tilkynninga hefur engin afstaða verið tekin af hálfu Persónuverndar til efnis þeirra.

Í tilkynningu yðar kemur fram að þér hyggist nálgast þátttakendalista hjá skólastjórum grunnskóla Fjarðarbyggðar. Af þeirri ástæðu bendir Persónuvernd á að miðlun nafnalista frá þriðja aðila, í þágu vísindarannsóknar, getur talist sjálfstæð vinnsla persónuupplýsinga og þarf sem slík að byggja á vinnsluheimild í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000, t. d. þegar rannsakandi fær úrtakslista eða nafnalista frá þriðja aðila. Slíkt er þó ekki uppi á teningnum þegar rannsakandi er starfsmaður ábyrgðaraðila og rannsóknin er liður í starfi hans fyrir ábyrgðaraðila.

Þá kemur einnig fram í tilkynningu yðar að spurningalistar verði lagðir fyrir kennara og nemendur. Af þessu tilefni vill Persónuvernd minna á að í tilfelli ólöggráða einstaklinga, s.s. barna undir átján ára aldri, þarf samþykki foreldra viðkomandi til þátttöku. Nauðsynlegt er að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar byggji á *ótvíræðu samþykki* hinna skráðu, eða eftir atvikum foreldra og forráðamanna þeirra, sem veitt er áður en vinnsla hefst sbr. 7. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Orðalagið sérstök og ótvíræð yfirlýsing hefur verið túlkað þannig að það feli í sér að samþykki þurfi að vera gefið með sannanlegum hætti, s.s. *skriflega*, og að ekki sé hægt að veita samþykki með aðgerðaleysi eða þögn. Bendir Persónuvernd yður á að ekki er nægilegt að veita foreldrum andmælarétt, óski þeir ekki eftir því að börn þeirra taki þátt í rannsókninni, heldur er nauðsynlegt að afla skriflegs samþykkis allra þátttakenda.

Virðingarfyllst,


Alma Tryggvadóttir
lögfræðingur